# FRÉTTABLAÐIÐ

140. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2019




„Lúpínan í rauninni breytir landinu varanlega,“ segir Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg. „Hún er að breyta magurri jörð í frjósama,“ útskýrir hann. „En hún náttúrulega kæfir þennan litla smágróður sem er á melum og holtum. Við viljum gjarnan halda líka í berjabrekkurnar, lyngið og smágróðurinn.“ Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Bótakröfur á ríkið vegna makrílkvóta

**Ríkislögmaður staðfestir að borist hafi stefnur vegna kvótasetningar makríls í upphafi áratugarins en gefur ekki upp fjölda eða bótakröfur. Heimildir herma að stórir aðilar stefni. Kröfur gætu numið allt að 35 milljörðum króna.**

**DÓMSMÁL** Ríkislögmaður hefur fengið stefnur frá útgerðarfélögum vegna úthlutunar makrílkvóta árin 2011 til og með 2014. Milljarðatugir gætu verið í húfi fyrir íslenska ríkið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru stefnurnar bæði frá stórum og meðalstórum útgerðum.

Hjá ríkislögmanni fékkst staðfest að stefnur hefðu komið inn á borð embættisins en ekki væri búið að þingfesta þær. Ekki fékkst uppgefið hversu margar stefnurnar væru né hversu háar kröfurnar eru.

Þann 6. desember síðastliðinn komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ríkið væri bótaskylt vegna kvótasetningar á makríl. Huginn ehf. og Ísfélag Vestmannaeyja töldu sig hafa orðið fyrir tjóni vegna úthlutunar hins opinbera.

Axel Helgason, formaður stjórnar Landssambands smábátaeigenda, segir að sex fyrirtæki hið minnsta ætli að sækja bætur. Hann segir kvótann á makríl vera á milli 65 og 100 milljarða króna virði og því um háar fjárhæðir að ræða. Fyrirtækin sem ætli sér að sækja bætur til ríkisins gætu að hans mati fengið í sinn hlut hendur um það bil 35 milljarða króna.

„Þegar við höfum skoðað þessar tölur þá gætum við verið að tala um allt að 18 milljarða króna fyrir árin 2011 til 2014. Svo gætum við séð svipaðar tölur fyrir 2015 til 2018. Þetta eru vissulega háar fjárhæðir,“ segir Axel.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra segir breytingar á lögum um makrílveiðar, sem nú liggja fyrir í þinginu, vera til þess fallnar að bregðast við dómum Hæstaréttar.

„Lögum samkvæmt er það hlutverk ríkislögmanns að fara með vörn þessara mála,“ segir Kristján Þór. „Hlutverk stjórnvalda hefur verið að bregðast við skaðabótaskyldu íslenska ríkisins eftir dóma Hæstaréttar í desember síðastliðnum, meðal annars með breytingum á veiðistjórn makrílveiða. Frumvarp þess efnis bíður nú afgreiðslu á Alþingi.“ – sa

## Chanel-veldið fjárfesti í 66°Norður

**VIÐSKIPTI** Bandaríska fjárfestingafélagið sem fjárfesti í Sjóklæðagerðinni 66°Norður síðasta sumar er í eigu fjölskyldunnar sem á tískuhúsið Chanel. Nýr framkvæmdastjóri alþjóðlegrar starfsemi 66°Norður, sem mun leiða nýja skrifstofu félagsins í London, segir íslenska fataframleiðandann búa yfir öllum þeim eiginleikum sem þarf til að verða heimsþekkt vörumerki.

Kaupandinn er Mousse Partners, sem var stofnað af Charles Heilbronn, hálfbróður Wertheimerbræðranna sem stýra Chanel, en auðæfi þeirra eru metin á 42 milljarða dala. Mousse Partners keypti nærri helmingshlut og fól samkomulagið í sér hlutafjáraukningu upp á 3,2 milljarða. – tfh / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gríðarlega mikilvægt að vinna stöðugt að því að kynbundinn launamunur þrífist ekki, segir rektor HÍ. 8



**SPORT** Ærið verkefni fyrir Ole Gunnar Solskjær að byggja upp nýtt lið hjá Manchester United. Óvissa með fjölda leikmanna. 10

**MENNING** Ari Jóhannesson læknir er höfundur skáldsögu sem gerist í spánsku veikinni. 16

**LÍFIÐ** Innipúkinn færir sig um set og verður haldinn úti á Granda í ár. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SECRET SOLSTICE**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Norðlæg átt 5-13 m/s, hvassast vestantil. Dálítil rigning eða súld á N- og A-landi, en annars skýjað með köflum og skúrir syðst á landinu, einkum síðdegis. Hiti 3 til 15 stig, svalast fyrir norðan.

SJÁ SÍÐU 14

# Solstice nálgast



Unnið var hörðum höndum að því að setja upp fyrir tónlistarhátíðina Secret Solstice í Laugardal í gær. Hátíðin hefst á föstudag og stendur fram á sunnudag. Fram koma til dæmis Black Eyed Peas og Pussy Riot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Laugardal er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Katrín Jakobsdóttir vill breytingar á þingsköpum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vill málskot í stað málþófs

**ALÞINGI** „Það er hægt að fara aðrar leiðir til að tryggja áhrif minnihlutans á Alþingi en að flokkum sé heimilað að taka þingið í gíslingu. Sjálf hef ég talað fyrir því að ákveðinn fjöldi þingmanna geti vísað málum til þjóðarinnar. Það eru fleiri leiðir færar og ég vil að þær verði skoðaðar,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Katrín mun óska eftir því við forseta Alþingis að sett verði af stað vinna við endurskoðun þingskapa.

Samkomulag náðist um þinglok í gær með ákvörðun um að ljúka þinglegri meðferð þriðja orkupakkans á nokkrum dögum í ágúst.

„Sá ósiður að halda úti gegndarlausu málþófi hefur verið sérkenni íslensks stjórnmálalífs um langa hríð og okkur hefur ekki tekist að venja okkur af þessu óheilbrigða fyrirkomulagi,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Þingsköpum hafi nýlega verið breytt til þess að stemma stigu við málþófi.

„Það tókst ekki betur upp en svo að nú er eiginlega auðveldara en áður að hefja og halda úti málþófi,“ segir Eiríkur. Svokölluðu kjarnorkuákvæði, sem heimilar þingforseta að stöðva umræður, hafi aldrei verið beitt.

„Af óskiljanlegum ástæðum hafa menn ekki viljað beita þessu ákvæði. Mögulega af því þeir vilja sjálfir geta gripið til málþófs lendi þeir í minnihluta að nýju.“ **– aá**

## Kona fer í stríð toppar listana

**KVIKMYNDIR** Íslenska kvikmyndin Kona fer í stríð er að slá í gegn um allan heim. Kvikmyndin er ofarlega á topp 10 lista á vefsíðunni Rotten Tomatoes þar sem hún er með 97 prósent í einkunn og einnig á topp 15 lista hjá hinu virta tímariti Variety.

Kvikmyndafréttavefurinn Screen Rant tók saman listann og er þar skrifað um kvikmyndina: „Kona fer í stríð er mynd sem passar fullkomlega inn í okkar tíma.“

Kvikmyndin hlaut Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrra og var jafnframt framlag Íslands til bandarísku Óskarsverðlaunanna í ár. Bandaríska leikkonan Jodie Foster hefur lýst því yfir að hún hyggist leikstýra bandarískri endurgerð af myndinni og fara sjálf með aðalhlutverkið.

Benedikt Erlingsson leikstýrði Konu fer í stríð og Halldóra Geirharðsdóttir fór með aðalhlutverkið. **– ilk**

# Vilja net veðurstöðva um alla höfuðborgina

**Tillaga Sjálfstæðismanna um að koma fyrir fimmtíu veðurstöðvum í Reykjavík var vísað til áframhaldandi umfjöllunar í borgarstjórn í gær. Þær eiga að nýtast til að ákvarða staðsetningar á gróðri til að draga úr vindi í borginni.**

**REYKJAVÍK** „Við erum að tala um fimmtíu veðurstöðvar sem myndu gefa okkur mjög nákvæma mynd af veðrinu í borginni,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Tillögu Sjálfstæðismanna um að setja upp stöðvarnar var vísað til áframhaldandi umfjöllunar í umhverfis- og heilbrigðisráði í borgarstjórn í gær. Verði tillagan að veruleika verður kostnaður borgarinnar níu milljónir króna. Þar af fara sjö milljónir í að kaupa stöðvarnar.

Tilgangurinn er að kortleggja breytileika veðurs til að meta hvar sé best að gróðursetja tré til að minnka vind og einnig til að nýta við skipulagsvinnu.

„Það er mikill vindur í Reykjavík eins og við öll þekkjum. Vindurinn er samt mismunandi milli bæjarhluta. Esjan er hluti af því, hún virkar eins og magnari, svipað og háhýsi nema bara miklu stærri. Það hefur verið lengi talað um að draga úr vindinum með því að gróðursetja tré en það hefur ekki verið gert með markvissum hætti,“ segir Eyþór.

„Við höfum séð þetta gert í öðrum borgum, að setja upp mæla, ekki bara einn eða tvo, heldur marga litla mæla til að við getum séð nákvæmlega hvernig veðrið er í öllum bæjarhlutum. Þetta er lífsgæðamál til lengri tíma.“

Úrvinnsla gagnanna yrði í höndum Haralds Ólafssonar, prófessors í veðurfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur sjálfur unnið með slíkt kerfi í Björgvin í Noregi.

„Þar var þetta sett upp í skólum og er hluti af náttúrufræðikennslu. Það var mjög sniðug lausn,“ segir Haraldur. Um er að ræða litlar ódýrar stöðvar sem yrðu tengdar saman þannig að hægt yrði að fylgjast með veðrinu í rauntíma.



**Haraldur Ólafsson, prófessor í veðurfræði við HÍ, hjá veðurstöð. Veðurstöðvarnar sem rætt er um eru nokkuð minni.** MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

„Björgvin svipar til Reykjavíkur að því leyti að það er mikill breytileiki innan borgarinnar. Þar er stundum mikill hita- og úrkomumunur, hér er meiri munur á vindi. Það eru mörg hundruð sinnum meiri líkur á að lenda í ofsaveðri á Kjalarnesi en í rólegri hverfum inni í borginni.“

Það á enn eftir að útfæra hvar veðurstöðvarnar yrðu staðsettar, segir Haraldur það koma til greina að setja þær í skóla.

„Það þarf að hafa svona stöðvar á ýktum stöðum, þar sem gera má ráð fyrir miklum vindi, það eru ekki alltaf skólar þar,“ segir Haraldur. „Þetta yrði net yfir borginni. Framtíðarsýnin er að hægt sé að fara á netið sjá breytileikann í Reykjavík.“

Haraldur segir litla skóga hafa mikil áhrif á vinda. „Þeir gera það, og í dágóðan spotta frá þar sem þeir eru. Hitafarið hefur líka breyst svo mikið á síðustu áratugum að það er mun auðveldara að planta skógum en áður.“

Eyþór er bjartsýnn á að hægt verði að planta trjám um leið og niðurstöður veðurathugana liggja fyrir.

„Ég held að það yrði mjög fljótlega hægt að byrja að planta. Þetta er bæði skammtíma- og langtímaverkefni, það væri hægt að byrja sem fyrst en svo tekur þetta nokkra áratugi að ná þroska,“ segir Eyþór Arnalds. **arib@frettabladid.is**

LYFJALAUS VERKJASTILLING!




FIT VERKJAPLÁSTRAR
LÁTA LÍKAMANN LINA VERKINA!
· ENGAR AUKAVERKANIR
· VATNSHELDIR
· DUGA Í ALLT AÐ 5 DAGA
FÁST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT!







# Setja upp fyrir Solstice

Tónlistarhátíðin Secret Solstice hefst á föstudaginn í Laugardalnum í Reykjavík. Stefán Karlsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með uppsetningu á svæðinu í gær en fram koma listamenn á borð við Ritu Ora, Patti Smith og Robert Plant and the Sensational Spaceshifters.







4MOTION
FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?
Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
Amarok
Crafter
Caddy
Transporter
SÚPER VERÐ!
Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, V6 dísilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.
Volkswagen Amarok
Tilboðsverð frá
7.660.000 kr.
Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Volkswagen Crafter
Verð frá
6.220.000 kr.
SÚPER VERÐ!
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
Volkswagen Caddy
Tilboðsverð frá
2.690.000 kr.
Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
Volkswagen Transporter
Verð frá
4.480.000 kr.
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/volkswagensalur
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Eitt hundrað og fjögur ár síðan konur fengu kosningarétt á Íslandi

**SAMFÉLAG** „Þessir dagar eru mikilvægir vegna þess að við erum ekki bara að fagna þeim sigrum sem hafa áunnist heldur einnig að minnast þeirra baráttukvenna sem unnu þessa sigra fyrir okkur,“ segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands.

Í dag er haldinn hátíðlegur víða um land kvenréttindadagur íslenskra kvenna, en 104 ár eru síðan konur fengu kosningarétt á Íslandi.

„Jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð hérna á Íslandi. Núna höfum við setið í rúman áratug á toppnum hjá lista Alþjóðlegu efnahagsstofnuninni um jafnrétti í heiminum og meira að segja sá listi telur að við höfum bara náð 85% jafnrétti. Það er ekki jafnrétti, það



**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.**

er ójafnrétti,“ segir Brynhildur og bætir því við að mikilvægt sé að halda baráttunni áfram. „Konur og karlar hafa barist kröftuglega fyrir þeim réttindum sem þegar hafa áunnist en nú er nauðsynlegt að við höldum áfram til að almennt jafnrétti náist á Íslandi.“

Brynhildur segir það hafa verið grundvallarsigur í baráttu íslenskra kvenna þegar þær fengu loks kosningarétt.

„Það líf sem við lifum í dag og það samfélag sem við lifum í í dag væri ekki til staðar nema fyrir þessar konur sem lögðu allt í sölurnar til þess að ná þessum réttindum fyrir okkur.“

Ýmislegt verður gert til hátíðarbrigða í borginni í dag. Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig að leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Hátíðarfundur verður á Hallveigarstöðum og femínísk gleðistund verður haldin á Skúla Craftbar. **– bdj**



**Íbúðir Grundar Markarinnar fyrir 60 ára og eldri eru á Suðurlandsbraut.**

## Lána Mörkinni 1.600 milljónir til nýbyggingar

**FASTEIGNIR** Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Grund Mörkin ehf. hafa undirritað samkomulag um langtíma fjármögnun á íbúðum félagsins.

Að því er kemur fram í tilkynningu veitir Lífeyrissjóður verzlunarmanna Grund Mörkinni 1.600 milljóna króna lán sem eru tryggð með veðum í íbúðum félagsins. Lánin eru til 30 ára og sögð með hagstæðari vöxtum en eldri lán frá árinu 2010. Centra Fyrirtækjaráðgjöf veitti ráðgjöf við fjármögnunina.

**»Grund Mörkin er með 78 íbúðir fyrir 60 ára og eldri við Suðurlandsbraut 58-62.**

„Grund Mörkin er einkahlutafélag í eigu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Félagið er með 78 íbúðir fyrir 60 ára og eldri við Suðurlandsbraut 58-62 og hefur verið með þann rekstur frá árinu 2010. Mikil eftirspurn er eftir íbúðum fyrir 60 ára og eldri og er langur biðlisti eftir íbúðum hjá félaginu,“ segir í tilkynningunni. **– gar**

**LEIÐRÉTTING**

*Í Fréttablaðinu á sautjánda júní í frétt um sumarfrí þingmanna var Inga Sæland ranglega sögð varaformaður Flokks fólksins. Inga er formaður flokksins.*

# Ekki hægt að eyða lúpínunni sem breytir landinu varanlega

**Óraunhæft er að eyða lúpínu á höfuðborgarsvæðinu, segir deildarstjóri náttúru og garða hjá borginni. Plantan dreifir úr sér á hverju ári og er áberandi á sumarmánuðum en erfitt er að halda henni í skefjum.**

**REYKJAVÍK** „Lúpínan er dugleg planta. Hún er skilgreind sem ágeng tegund og hún í rauninni er að breiðast út víða í borgarlandinu,“ segir Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg.

Borgarbúar hafa tekið eftir mikilli útbreiðslu lúpínu í borginni og eru skiptar skoðanir á ágæti hennar.

„Ef maður lítur nokkur ár aftur í tímann má sjá að minna var af lúpínunni en núna er. Þar sem eru góð skilyrði fyrir hana hefur hún teygt sig um svona einn til tvo metra á ári. Nú þegar hún er í fullum blóma er hún áberandi, sést rosa vel,“ segir Þórólfur.

Lúpínan getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á það landsvæði sem hún tekur undir sig. Svæðin breytast og verða móttækilegri fyrir öðrum gróðurtegundum en þeim sem fyrir voru. Þar sem lúpínan vex verður auðveldara að rækta gras- og blómlendi sem og skóga. Á sama tíma hverfur þar gróðurinn sem fyrr var, svo sem berjalyng.

„Lúpínan í rauninni breytir landinu varanlega,“ segir Þórólfur. „Hún er að breyta magurri jörð í frjósama þannig að það eru þá kostir hennar. Þar er þá til dæmis fínt að rækta skóg eða eitthvað slíkt síðar en hún náttúrulega kæfir þennan litla smágróður sem er á melum og



**Lúpínubreiður setja mjög mikinn svip á Keldnaholt við Grafarvogshverfið í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Bæði nú í sumar og í fyrrasumar hefur Vinnuskólinn tekið að sér vinnu tengda því að minnka útbreiðslu lúpínu.**



Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg

holtum. Við viljum gjarnan halda líka í berjabrekkurnar, lyngið og smágróðurinn.“

Aðspurður um stefna borgarinnar er kemur að útbreiðslu lúpínu segir Þórólfur að óraunhæft sé að ætla sér að eyða henni en að stefnt sé að því að halda henni í skefjum á ákveðnum svæðum.

„Við þurfum að forgangsraða því hvaða svæði við tökum fyrir. Náttúruverndarsvæðin okkar eru þau svæði sem við höfum aðallega verið að horfa á. Við vildum gjarnan gera meira en til þess þarf aukinn mannafla og fjármagn,“ segir Þórólfur og bætir við að Vinnuskóli Reykjavíkur og sjálfboðaliðar frá Umhverfisstofnun hafi tekið þátt í verkefninu.

„Bæði nú í sumar og í fyrrasumar hefur vinnuskólinn tekið að sér vinnu tengda því að minnka útbreiðslu lúpínu og einnig höfum við unnið með sjálfboðaliðum frá Umhverfisstofnun af og til á undanförnum árum. Við höfum áhuga á því að gera meira, til dæmis að fara í Rauðhóla, þeir eru dæmi um svæði þar sem auðvelt er fyrir lúpínu að dreifa úr sér,“ segir Þórólfur að lokum. **birnadrofn@frettabladid.is**




# Sagði spurningar frá Dóru til skammar

**REYKJAVÍK** Uppnám varð í borgarstjórn í gær í umræðu um reglur um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, spurði þá Eyþór Arnalds, oddvita Sjálfstæðisflokksins, hvort hann væri tengdur Strokki Energy þar sem hann væri skráður tengiliður á vefsíðu félagsins og notaði netfang Strokks sem ræðismaður Botsvana. Vildi hún einnig vita hvort hann væri tengdur öðrum orkufyrirtækjum.

Eyþór sagði spurningarnar til skammar. Verið væri að draga einstakling inn í gróusögur í stað þess að tala um það sem væri á dagskrá. Eyþór sagði að hann ætti ekkert í Strokki Energy og tengdist ekkert orkufyrirtækjum. „Hef ég gert það? Já. Geri ég það núna? Nei.“

Borgarfulltrúar minnihlutans brugðust margir ókvæða við. „Þetta er á andskoti lágu plani,“ sagði Egill Þór Jónsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. „Borgarstjóri er að skipuleggja Óðinstorg, dýrasta torg Reykjavíkursögunnar fyrir utan heimili sitt, síðan kemur Píratinn hérna upp með álpappírshattinn á hausnum ... þetta er komið út í rugl.“ **– ab**



**Eyþór Arnalds kvaðst ekki tengjast orkufyrirtækjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar.**

# KONUR, TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



Sóley, Perla og Auður voru að ljúka 10. bekk við Grunnskólann á Reyðarfirði. Þær sóttu námskeið um sjálfseflingu stúlkna sem Alcoa Fjarðaál styrkir. Námskeiðið er liður í því að efla stúlkur og fá þær til að þekkja styrkleika sína, enda er mikilvægt að byrja snemma að þjálfa leiðtoga framtíðarinnar.

**Kvennakaffi í dag — fögnum saman**

Í tilefni kvenréttindadagsins bjóðum við konum á Austurlandi að þiggja veitingar, hlýða á tónlist og hvetjandi ávörp í matsal álversins í dag, 19. júní, kl. 16:30.

**Dagskráin er á heimasíðu okkar, alcoa.is.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

# Segir bændur og afurðastöðvar ekki taka mark á eigin kjötáróðri

**LANDBÚNAÐUR** Innlendir bændur og afurðastöðvar hafa fengið úthlutað nærri helmingi alls tollkvóta fyrir innflutning á kjöti. Hlutfallið er tæpt 91 prósent í svínakjöti og tæp 60 prósent í alifuglakjöti.

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir þetta sýna að bændur og afurðastöðvar taki ekki mark á eigin áróðri.

> **Í verki hafa þau, rétt eins og aðrir innflytjendur, engar áhyggjur af heilsufarsáhrifum eða öðrum áhrifum þess innflutnings.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

„Í orði eru þessi fyrirtæki og samtök þeirra að segja að það sé rosalega hættulegt að flytja inn kjöt frá löndum Evrópusambandsins. Hingað til hefur ekki verið gerður neinn greinarmunur á því hvaðan það kemur. Í verki hafa þau, rétt eins og aðrir innflytjendur, engar áhyggjur af heilsufarsáhrifum eða öðrum áhrifum þess innflutnings. Enda engin ástæða til,“ segir Ólafur Stephensen.

Telur Ólafur að bændur og afurðastöðvar ættu að taka höndum saman við aðra innflytjendur til að tryggja matvælaöryggi og hagstætt rekstrarumhverfi í stað þess að halda uppi málflutningi um að óhindraður innflutningur auki hættu á sýklalyfjaónæmi.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, sagði í við Fréttablaðið í maí að afurðastöðvar sem hann þekkti til flyttu inn heilnæmara kjöt en hægt væri að fá annars staðar innan ESB. Ólafur gefur lítið fyrir þetta. „Það er enginn munur á innflytjendum sem tilheyra íslenskum landbúnaði og öðrum þegar kemur að því.“ **– ab**

## Prestur skrifar bók um líkfund

**BÓKMENNTIR** „Þetta hefur ekkert með það að gera að ég sé prestur,“ segir Fritz Már Jörgensson, rithöfundur og prestur við Keflavíkurkirkju, sem gaf á dögunum út sína fjórðu glæpasögu.

Bókin ber titilinn Líkið í kirkjugarðinum og fjallar um konu sem áreitt er af eltihrelli og um líkfund í Hólavallakirkjugarði.

Fritz segist ánægður með viðtökurnar. „Það hefur gengið ótrúlega vel, það er gaman að gefa út bók í byrjun sumars og í kilju. Krimmarnir passa vel í kiljuformið.“

Fritz segir titil bókarinnar ekki vera tilvísun í preststörf hans.

„Nafnið á bókinni er bara tilvísun í söguna, ég les mikið og hef alltaf haft gaman af því að skrifa, norrænu krimmarnir eru uppáhalds bækurnar mínar og urðu til þess að ég byrjaði að skrifa sjálfur.“ **– pk**

## Johnson bætti við sig fylgi

**BRETLAND** Dominic Raab, fyrrverandi útgöngumálaráðherra Breta, datt í gær úr leik í leiðtogakjöri breska Íhaldsflokksins, þar sem einnig er valinn nýr forsætisráðherra Breta. Alls þurfti 33 atkvæði til að halda áfram inn í næstu umferð en Raab fékk þrjátíu.

Boris Johnson, fyrrverandi utanríkisráðherra, trónir áfram á toppnum og fékk atkvæði 126 þingmanna í gær, tólf fleiri en í fyrstu umferðinni. Jeremy Hunt utanríkisráðherra fékk 46 og Michael Gove umhverfisráðherra 41. Þá heldur Rory Stewart þróunaraðstoðarráðherra enn lífi og fékk 37 en hafði 19 síðast. Sajid Javid innanríkisráðherra fékk svo 33 atkvæði.

Frambjóðendur mættust í sjónvarpssal í gærkvöldi og ræddu um allt frá Brexit til umhverfismála. Johnson og Javid sögðu þar nauðsynlegt að standa við útgöngudaginn, 31. október, á meðan hinir lýstu yfir efasemdum um að slíkt væri mögulegt. **– þea**

# Lagði til lægri laun til ráðherra en minnihlutaformennirnir fá

### Formaður Miðflokksins lagði til talsverða lækkun á launum ráðherra sem hefðu þar með orðið lægri en launin sem hann fær sjálfur sem formaður stjórnarandstöðuflokks.



Sigmundur Davíð hefði fengið hærri laun en ráðherrar hefði tillaga hans verið samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KJARAMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, lagði fram breytingartillögu á þingi í gær þar sem hann lagði til umtalsverða lækkun launa forsætisráðherra og annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar. Tillagan fól í sér að lækka laun forsætisráðherra úr 2.021 þúsund krónum á mánuði í 1.596 þúsund krónur og annarra ráðherra úr 1.826 þúsund krónum í 1.431 þúsund krónur.

Sigmundur Davíð sagði þetta ráðlegt til að jafna kjör og draga úr launamun alþingismanna annars vegar og ráðherra hins vegar. Jafna stöðu löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, eins og hann orðaði það. Hefði tillagan verið samþykkt hefðu laun forsætisráðherra og annarra ráðherra orðið lægri en launin sem Sigmundur og aðrir formenn stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu fá núna. Tillagan tók nefnilega ekki til þess álags sem formenn stjórnmálaflokka fá til að færa þá nær ráðherrum í kjörum.

Í þriðju umræðu um stjórnarfrumvarp um breytingu á launafyrirkomulagi vegna breytinga sem urðu við brotthvarf kjararáðs sköpuðust nokkuð snarpar umræður um tillögu Sigmundar. Auk áðurnefnds sagði Sigmundur að lækkun launa ráðherra ríkisstjórnarinnar myndi draga úr líkum á því að einhverjir flokkar færu að gefa eftir stefnu sína, grundvallarsjónarmið og kosningaloforð fyrir ráðherrastóla og þar með hærri laun. Sagði Sigmundur svo reyndar eðlilegt að skoða reglur um þingfararkaup og álagsgreiðslur til formanna flokka færi svo að tillaga hans yrði samþykkt.

> **Ég gef bara ekkert fyrir það.**
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra brást illa við tillögu Sigmundar Davíðs og var hvöss í andsvari sínu. Sagði hana „til þess eins að varpa rýrð á þá sem sitja hér sem ráðherrar og gefa í skyn að þeirra heilindi séu ekki næg í starfi og þetta snúist allt um launatölur. Ég gef bara ekkert fyrir það.“

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, tók einnig til máls og benti Sigmundi á að þingið hefði gert breytingu fyrir nokkru varðandi álagsgreiðslur til formanna flokka í stjórnarandstöðu, einmitt til að þeir yrðu álíka settir og ráðherrar. Skaut hann svo fast á formann Miðflokksins.

„Það er þess vegna stórundarlegt að hlusta hér á umræður um að það sé slíkur launamunur hjá ráðherrum og hinum sem eru í þinginu að það sé sérstakur hvati í því fólginn til að kasta frá sér stefnumálum sínum og mynda ríkisstjórn til að tryggja sér betri kjör. Með þessum rökum væri alveg eins hægt að segja að álagsgreiðslan til formanna væri sérstakur hvati til að stofna nýjan stjórnmálaflokk og gerast í honum formaður og ná sér þannig í greiðsluna,“ sagði Bjarni og uppskar hlátrasköll í þingsal. Sagði hann röksemdafærslu Sigmundar á þannig plani að hún væri frumvarpinu ekki samboðin.

Sigmundur Davíð, líkt og aðrir formenn í stjórnarandstöðu, fær þingfararkaup sem nemur 1.101 þúsund krónum á mánuði. Álagsgreiðsla vegna formennskunnar nemur svo 550 þúsund krónum og eru heildarlaunagreiðslur hans 1.651.791 króna. Eru þá fastar mánaðarlegar kostnaðargreiðslur til Sigmundar upp á rúmar 200 þúsund krónur undanskildar.

Tillaga Sigmundar var felld með 35 atkvæðum gegn 9. Fimm sátu hjá.
**mikael@frettabladid.is**




# Örn segist ánægður með uppfærsluna

**SAMFÉLAG** „Ég er hér að keyra yfir Þverárfjall, á leið á Sauðárkrók,“ svarar Örn Árnason leikari glaðlega þegar hann er spurður hvar verið sé að ónáða hann með símhringingu.

Erindið við Örn er að falast eftir afmælisviðtali því kappinn er sextugur á útgáfudegi þessa tölublaðs. Hann kveðst vera á ferð með fimmtán útlendinga í hálfri hringferð um landið svo að næsta spurning er hvort hann ætli að halda upp á afmælið sitt með þeim.

„Já, það ætla ég að gera. Ég er búinn að halda upp á afmælið með fullt af fólki sem ég þekki og það er gaman að halda líka upp á það með fólki sem ég þekki ekki neitt!“ svarar hann að bragði.

Örn kveðst taka að sér leiðsögn fyrir hópa sem komi hingað gegnum ameríska skrifstofu með aðsetur hér á landi.



„Ég er búinn að halda upp á afmælið með fullt af fólki sem ég þekki og það er gaman að halda líka upp á það með fólki sem ég þekki ekki neitt,“ segir Örn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum sem sagt á leið á Krókinn núna að heimsækja Sútarann, svo förum við til Akureyrar í kvöld.“

Ekki kveðst hann ná að heimsækja Hrísey í þessari ferð, þótt hann hafi oft verið í eyjunni sem krakki og gjarnan komið þar við í gegnum tíðina. „En ég fer á Dalvík svo ég næ að sigla fram hjá.“

Örn segist meðal annars ætla að verja afmælisdeginum við Mývatn og segir það nú ekki slæmt, þrátt fyrir að kuldatíð sé fyrir norðan núna. „Það er þriggja stiga hiti hér á Þverárfjallinu,“ upplýsir hann.

En Örn er sem sagt búinn að fagna sextugsafmælinu og kveðst algerlega sáttur við aldurinn.

„Ég er ánægður með það að hafa fengið uppfærslu úr 5.9 í 6.0, eins og talað er um í hinum stafræna tölvuheimi! Það er einhvers virði,“ segir Örn Árnason. **– gg**




*Það er alltaf Suzuki veður!*

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2018

2018 RJC CAR OF THE YEAR

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Bara falsfrétt?



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðhátíðardaginn 17. júní, í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins, komu um 70 ungmenni, 13-16 ára, saman á þingfundi í Alþingishúsinu. Ungmennin völdu sér málefni sem þeim finnst brýnt að takast á við og settu skiljanlega umhverfis- og loftslagsmál efst á dagskrá. Nú þegar blasir við að mannkynið er komið nokkuð langt á veg með að eyðileggja Jörðina vegna sinnuleysis síns gagnvart umhverfinu hefur æskan sýnt frumkvæði og streymt út á stræti og torg til að mótmæla skelfilegri stöðu og krefjast aðgerða. Um leið eru ungmennin að strengja þess heit að standa sig betur en eldri kynslóðir hafa gert.

Ung stúlka á ungmennaþinginu ræddi um ábyrgðarleysi mannsins og sagði: „Skemmdarverk mannsins hafa ekki aðeins haft áhrif á Jörðina heldur allt það sem á henni býr.“ Hún gerir sér ljósa grein fyrir ábyrgð mannkyns og vill snúa skelfilegri þróun við. Þessi stúlka er ein af fjölmörgum ungmennum sem tala af sannfæringu um umhverfismál. Þau búa yfir miklum krafti og ætla að láta verkin tala. Furðulegt væri ef hinir fullorðnu neituðu að taka mark á þeim. Sumir sýna þó einarða tilburði í þá átt.

Nokkrum dögum áður en unga fólkið fyllti þingsal Alþingis og ræddi umhverfismál af festu hafði Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins, gert áhyggjur barna af loftslagsbreytingum að umtalsefni á Alþingi og sama mál ræddi hann á Útvarpi Sögu. Áherslur hans eru æði furðulegar. Hann leggur áherslu á að æska landsins fræðist í skólum um sjónarmið þeirra vísindamanna sem telja loftslagsbreytingar ekki vera af mannavöldum.

Nú er það svo að færustu vísindamenn eru sammála um að hlýnun jarðar sé af mannavöldum. Einstaka raddir heyrast mótmæla því en með litlum rökum, samt á sá málflutningur sums staðar upp á pallborðið, eins og til dæmis hjá Bandaríkjaforseta Donald Trump og nótum hans. Það er eftir öðru að málflutningur þessara hættulegu manna eigi hljómgrunn í Miðflokknum þar sem myrk afturhaldssjónarmið hafa hreiðrað um sig. Birgir Þórarinsson talaði á Alþingi um loftslagsmál eins og hann gruni að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu enn ein falsfréttin sem verið sé að bjóða heimsbyggðinni upp á. Ekki er langt síðan þessi sami þingmaður hélt því fram að forseti Filippseyja, hinn alræmdi morðhundur Rodrigo Duterte, væri vaskur maður sem fengið hefði á sig holskeflu af ósanngjarnri gagnrýni.

Á sama tíma og sterk umhverfisvakning á sér stað vafðist ekki fyrir þingmönnum Miðflokksins að setja sig í málþófsstellingar þegar ræða átti loftslagsmálafrumvarp umhverfisráðherra á þingi. Þingmaður flokksins er síðan í algjörri afneitun á vandanum þegar hann heldur því fram að kynna þurfi í skólum málstað þeirra sem halda því fram að loftslagsbreytingar séu ekki af manna völdum. Kenningar sem eru nánast jafn fáránlegar og þær að Jörðin sé flöt. Það er sjálfsagt að vita af skringilegum kenningum, en það á ekki að láta eins og ástæða sé til að taka mark á þeim.

**Furðulegt væri ef hinir fullorðnu neituðu að taka mark á þeim. Sumir sýna þó einarða tilburði í þá átt.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Almúginn og girðingin**

**Stjórnmálamenn sem standa með samvisku sinni fá alltof lítið hrós. Það er þó um að gera að benda á þá staðreynd að Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, tók ekki sæti fyrir aftan girðinguna á Austurvelli á 17. júní með öðrum ráðamönnum. Þess í stað beið hún með sótsvörtum almúganum eftir því að athöfninni lyki og gekk svo að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallakirkjugarði þar sem hún hélt hátíðarávarp, en þar var engin girðing til að verja ráðamenn.**

**Sigmundur pönkari**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, stillti sér einnig upp með almúganum gegn elítunni. Í gær lagði hann fram breytingatillögu á nýju lögunum um launafyrirkomulag efsta lags kjörinna fulltrúa. Í stað þess að festa laun forsætisráðherra og annarra ráðherra í 2 milljónum og 1,8 milljónum á mánuði með árlegum breytingum vildi Sigmundur festa þau í 1,6 og 1,4 milljónum króna á mánuði. Neyddi hann þar með ráðherrana til að greiða atkvæði gegn eigin launalækkun. Vildi hann einnig að í kjölfarið yrði endurskoðuð hálfrar milljónar króna mánaðargreiðsla til flokksformanna. Hörkupönk í valdinu á blíðviðrisdegi.**

**arib@frettabladid.is**

## Jafnrétti er okkur mikilvægt



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Háskóli Íslands fagnaði þeim mikilvæga áfanga nýlega að hljóta jafnlaunavottun. Við erum afar stolt af þessari viðurkenningu enda langfjölmennasta stofnunin hér á landi til að fá slíka vottun. Þar að auki skiptir það okkur miklu máli að stofnun eins og Háskóli Íslands sé í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum, hvort sem um er að ræða í kennslu eða rannsóknum.

Við hófumst handa við innleiðingu um leið og lög þess efnis voru staðfest í júní 2017. Við framkvæmdum meðal annars umfangsmikla launagreiningu sem náði til nærri 5.000 starfsmanna. Greiningin leiddi í ljós að launamunur, eftir að tekið hafði verið tillit til stöðu í skipuriti og starfsheitis, var um 1,5% konum í óhag. Þessi munur var af vottunaraðila metinn innan skekkjumarka en launamunurinn er 3,3% að jafnaði hjá opinberum starfsmönnum, konum í óhag. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur í Háskóla Íslands að vinna stöðugt að því að kynbundinn launamunur þrífist ekki. Þess vegna höfum við innleitt launakerfi sem ætlað er að tryggja að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér mismunun.

Jafnrétti er eitt af þremur gildum Háskóla Íslands. Til þess að ná raunverulegum árangri í jafnréttismálum verðum við sífellt að horfa á stöðuna með gagnrýnum augum, til dæmis á þá staðreynd að þegar ekki er tekið tillit til stöðu í skipuriti og starfsheitis er munur á heildarlaunum karla og kvenna um 10%, konum í óhag. Það bendir því miður til þess að hefðbundin störf karla séu metin hærra en hefðbundin störf kvenna. Þá er mikilvægt að tryggja að karlar og konur hafi jafna möguleika á akademískum framgangi.

Um leið og það er mikilvægt fyrir okkur að hafa náð jafnlaunavottun, þá verðum við að muna að hún er ekki markmið í sjálfu sér og má ekki vera notuð sem hvítþvottur á gagnrýna umræðu um jafnréttismál. Vottunin er frekar varða á mun stærri og mikilvægari vegferð, sem er að ná raunverulegu jafnrétti í allri starfsemi Háskóla Íslands.

**Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur í Háskóla Íslands að vinna stöðugt að því að kynbundinn launamunur þrífist ekki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Aukið aðgengi jafngildir aukinni áfengisneyslu



**Laufey Tryggvadóttir**
framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins



Afleiðingar aukins aðgengis að áfengi hafa verið margrannsakaðar og hafa meðal annars bein áhrif til fjölgunar dauðsfalla af völdum krabbameina. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu til að bæta heilsufar þjóða. Enn fremur hefur stofnunin ítrekað bent á að langáhrifaríkustu aðferðirnar til að minnka áfengisneyslu séu í höndum stjórnvalda; verðstýring, aðgangstakmörkun og auglýsingabann. Því miður hefur fræðsla ekki nærri eins mikil áhrif og þessar takmarkanir.

Þegar sala áfengis er gefin frjáls eykst neyslan til muna. Rannsökuð voru áhrif þess ef aflétt yrði ríkiseinokun í Svíþjóð. Í ljós kom að drykkjan myndi aukast um 20% ef einkareknar sérverslanir tækju við sölunni, en um 31% ef það yrðu almennar verslanir. Áfengistengd dauðsföll vegna krabbameina myndu aukast um 18% ef áfengi færi í sérverslanir og um 29% ef það færi í almennar verslanir.

Í yfir 30 ár hefur verið þekkt að áfengisneysla eykur líkur á krabbameinum í munnholi, koki, barka, vélinda, lifur, brjóstum og ristli. Ekki skiptir máli hvaða tegundar áfengis er neytt, þ.e. hvort um er að ræða bjór, létt vín eða sterkt, því vínandinn og niðurbrotsefni hans acetaldehýð eru staðfestir krabbameinsvaldar.

Þriðjungur jarðarbúa neytir áfengis og árlega má rekja þrjár milljónir dauðsfalla til drykkjunnar. Krabbamein valda stórum hluta þessara dauðsfalla og hjá einstaklingum yfir 50 ára eru þau í efsta sæti dánarorsaka af völdum áfengisneyslu.

Í nýlegri fjölþjóðlegri rannsókn sem birtist í Lancet, kom skýrt í ljós að engin heilsubót felst í því að drekka eitt glas á dag, þvert á móti. Þótt neysla undir einu glasi á dag geti lækkað áhættu á blóðþurrð í

**Þriðjungur jarðarbúa neytir áfengis og árlega má rekja þrjár milljónir dauðsfalla til drykkjunnar.**

hjarta og á sykursýki hjá konum þá vegur aukin áhætta á krabbameinum og fleiri sjúkdómum það upp. Enginn lágmarksskammtur af áfengi er góður fyrir heilsuna þegar heildarmyndin er skoðuð og þótt margir kjósi að neyta áfengis í hófi þá er ljóst neyslan mun ekki bæta heilsuna.

Miðað við óbreyttar drykkjuvenjur má búast við 83.000 áfengistengdum krabbameinstilfellum næstu 30 árin á Norðurlöndunum – flestum í ristli – og endaþarmi og brjóstum. Áfengisneysla er auðvitað aðeins einn af mörgum áhættuþáttum krabbameina en skýrir til dæmis um 5% brjóstakrabbameina og 3% ristil-og endaþarmskrabbameina á Norðurlöndunum.

Velferðarráðuneytið gaf árið 2016 út rit um Lýðheilsustefnu og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri. Þar kemur meðal annars fram að meðal virkra aðgerða til að sporna við skaðlegum áhrifum áfengisneyslu er stýring á áfengisneyslu með verði, einkasölu ríkis og háum aldursmörkum til áfengiskaupa. Þetta sé í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Það má velta fyrir sér orsökum þess að ítrekað komi fram hugmyndir um að auka aðgengi að áfengi og leyfa áfengisauglýsingar. Við ættum einmitt að fagna þeirri góðu umgjörð sem hér er – svipaðri og á hinum Norðurlöndunum nema í Danmörku, þar sem mest er drukkið. Getur verið að undirliggjandi sé þrýstingur frá hagsmunaaðilum á borð við tilteknar verslanir, innflytjendur og jafnvel fjölmiðla sem munu hagnast af sölu áfengisauglýsinga? Enginn vafi er á að lýðheilsa þjóðarinnar verður fórnarlambið ef þessar breytingartillögur ná fram að ganga á Alþingi.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is




Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L



Það er strembið verkefni sem býður Ole Gunnar Solskjær næstu árin við að byggja upp lið sem á að geta gert atlögu að titlum næstu árin. Óvíst er hvert framhaldið er hjá stærstu stjörnum liðsins og gamall leikmannahópur liðsins þarf nauðsynlega á endurnýjun að halda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sumarhreinsun fram undan hjá Solskjær á Old Trafford

**Það verður ærið verkefni fyrir Ole Gunnar Solskjær í sumar að byggja upp nýtt lið hjá Manchester United. Óvíst er með framhaldið hjá fjölda leikmanna og stærstu stjörnurnar eru farnar að daðra við önnur lið í fjölmiðlum.**

**FÓTBOLTI** Norðmannsins Ole Gunnar Solskjær bíður ærið verkefni á Old Trafford í sumar en þar þarf hann að reisa við laskað stórveldi sem leikur utan Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla næsta vetur og hefur undanfarin ár verið fjarri því að vera líklegur kandídat til þess að berjast um enska meistaratitilinn.

Stórstjörnur United stóðu sig fæstar í stykkinu á síðustu leiktíð og útlit er fyrir að ný sveit muni mæta til Manchester og fá þá ábyrgð á sínar herðar að færa bros á varir stuðningsmanna Manchester United. Þessa stundina er óvissa um framtíð nokkurra leikmanna sem myndað hafa hryggjarstykkið í liðinu en þeir eiga í samningaviðræðum við Ed Woodward, framkvæmdastjóra félagsins.

Þannig er óvissa um hvort David De Gea semji til langframa við félagið eður ei, Paul Pogba hefur farið fram á mikla launahækkun til að halda honum hjá félaginu og lýst yfir áhuga á að fá nýja áskorun. Það er ekki útséð með hvort Marcus Rashford vilji festa sig til framtíðar. Það að auki hefur verið ýjað að því að Romelu Lukaku og Alexis Sánchez sem áttu að bera uppi sóknarleikinn á síðasta tímabili fari frá félaginu sem þýðir að liðið vantar sárlega góða leikmenn til að leiða sóknina næstu árin.

Nú þegar hefur félagið tilkynnt að þjónustu Antonio Valencia og Ander Herrera við félagið sé lokið í bili hið minnsta og spurning hver framtíð leikmanna á borð við Eric Bailly, Marcos Rojo, Matteo Darmian, Nemanja Matic, Fred, Juan Mata verður.

Ole Gunnar er byrjaður á sumarkaupunum en hann fékk velska vængmanninn Daniel James til liðs við sig frá Swansea City og þá hefur Crystal Palace hafnað tveimur tilboðum í bakvörðinn Aaron Wan-Bissaka.

Á stuttum tíma hefur erkifjendunum í Manchester City tekist að stinga nágranna sína af og þarf United að styrkja hópinn allverulega í þessum félagaskiptaglugga til að nálgast nágranna sína og erkifjendur.

hjorvaro@frettabladid.is

### Hvað verður um þessa fimm?

| Romelu Lukaku | Antonio Valencia | David de Gea | Paul Pogba | Alex Sanchez |
|---|---|---|---|---|
| Belginn virðist vera á förum til Ítalíu. Ef hann fer þarf liðið nýjan framherja sem skorar mörk. | Eftir tíu ára dvöl er fyrirliðinn á förum. Aaron Wan-Bissaka er á óskalista Solskjær til að leysa hann af. | Spænski markvörðurinn á eitt ár eftir af samningi sínum og viðræður ganga illa. | Hæfileikaríkasti leikmaður liðsins en erfiður innan sem utan vallar og vill fá nýja áskorun. | Launahæsti leikmaður Englands og gæti reynst félaginu erfitt að losna við launapakkann hans í sumar. |





Platini var rekinn úr starfi sem forseti UEFA. NORDICPHOTOS/GETTY

## Platini settur í járn í gær

**FÓTBOLTI** Franska knattspyrnugoðsögnin Michel Platini var í gær handtekinn af frönsku lögreglunni vegna aðildar sinnar að því að úthluta Katar lokakeppni HM 2022 í knattspyrnu karla. Platini er grunaður um spillingu og mútuþægni í aðdraganda ákvörðunarinnar.

Platini er enn að taka út átta ára bann frá starfsemi innan knattspyrnuhreyfingarinnar eftir að hafa verið dæmdur fyrir óheiðarleg vinnubrögð árið 2015. Platini sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem hann neitaði að hafa verið handtekinn og sagði að hann myndi aðstoða lögregluyfirvöld við rannsóknina.

Níu ár eru liðin síðan tilkynnt var að lokakeppni heimsmeistaramótsins færi fram í olíuríkinu Katar. Það verður í fyrsta sinn sem mót af slíkri stærðargráðu fer fram í Mið-Austurlöndum.

Platini viðurkenndi árið 2014 að hafa fundað með Mohamed Bin Hammam, fulltrúa Katar í framkvæmdastjórn FIFA, og er talið að þeir hafi fundað um 50 sinnum í aðdraganda kosninganna.

Af 24 manneskjum sem kusu um HM 2018 og 2022 fyrir níu árum eru sextán undir rannsókn vegna gruns um mútuþægni. – kpt

## Valsmenn fara til Slóveníu

**FÓTBOLTI** Ríkjandi Íslandsmeistararnir í Val mæta Maribor frá Slóveníu á fyrsta stigi undankeppni Meistaradeildar Evrópu og fer fyrri leikur liðanna fram á Origo-vellinum.

Þetta er í annað skiptið sem íslenskt lið mætir Maribor á síðustu tveimur árum eftir að Slóvenarnir slógu FH út úr sömu keppni. Maribor hefur sjö sinnum hampað meistaratitlinum í Slóveníu á undanförnum níu árum og komst í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fyrir tveimur árum.

Síðar um daginn var dregið í undankeppni Evrópudeildarinnar þar sem Breiðablik slapp vel.

Breiðablik mætir Vaduz frá Liechtenstein sem Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður Blika, og Guðmundur Steinarsson, aðstoðarþjálfari liðsins, léku með um tíma á meðan Stjarnan mætir Levadia Tallin frá Eistlandi.

KR fékk heldur erfiðari andstæðing í Molde frá Noregi. – kpt



Valsmenn fara til Slóveníu.

# Auðveldaðu þér vinnuna

## með góðum græjum

DEWALT

**DeWALT Hleðsluborvél DCD790P2**

XR 18V 2x5.0 Ah Li-Ion

**Verð: 37.200 kr.**




**BGS Topplyklasett,**

179 stk

**Verð: 9.920 kr.**



STANLEY

**Stanley SXPW17E háþrýstidæla**

130 bör

420 lítrar/klst.

**Verð: 15.500 kr.**




DEWALT

**DeWALT háþrýstidæla**

**DXPW 002E**

Fyrir fagmenn,

150 bör, 2,6kW,

530 lítrar/klst.

8 metra slanga ofl.

**Verð: 61.969 kr.**




SKIL

**SKIL Hleðsluvél með höggi,**

20V,

kolalaus,

2 x 2.5Ah Li Ion rafhlöður,

60Nm

**Verð: 27.900 kr.**




STANLEY

**Stanley SXPW22E háþrýstidæla**

150 bör

440 lítrar/klst.

**Verð: 17.980 kr.**




SKIL

**SKIL Hleðsluvél með höggi,**

20 V,

2 x 2.5Ah Li Ion rafhlöður,

50Nm

**Verð: 21.700 kr.**




VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

## Merkisatburðir

**1915** Kristján 10. undirritar nýja stjórnarskrá Íslands þar sem meðal annars er kveðið á um að allar íslenskar konur, 40 ára og eldri, hefðu kosningarétt og kjörgengi.

**1953** Forseti Íslands undirritar Mannréttindasáttmála Evrópu.

**1967** Hallveigarstaðir í Reykjavík eru teknir í notkun sem miðstöð kvennasamtaka á Íslandi.

**1976** Karl 16. Gústaf Svíakonungur gengur að eiga Silviu Renate Sommerlath.

**1987** Nýtt útvarpshús er tekið í notkun af Ríkisútvarpinu við Efstaleiti í Reykjavík.

**1990** Konur fjölmenna í Alþingishúsið til að halda upp á 75 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

**1994** Björk Guðmundsdóttir heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi eftir að hún öðlast heimsfrægð.

---



†

Pabbi minn, tengdapabbi og afi,

**Atli Magnússon**
þýðandi og sjentilmaður,

lést á heimili sínu 14. júní.
Útförin fer fram frá Neskirkju
mánudaginn 24. júní kl. 13.

**Grímur Atlason** **Helga Vala Helgadóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Magnús Magnússon**
frá Höskuldarkoti,
Ytri-Njarðvík,

lést á Stony Brook sjúkrahúsi
á Long Island 25. apríl sl.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju
föstudaginn 21. júní kl. 14.00.

**Þórhildur Sylvía Magnúsdóttir** **Jón Einar Kjartansson**
**Edda Magnúsdóttir**
**Sonja Margrét Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma, dóttir og systir okkar,

**Guðríður Kristjánsdóttir**

lést friðsamlega á heimili sínu í
Danmörku þann 27. maí síðastliðinn.
Útför hennar hefur farið fram.
Þökkum samúð og hlýhug.

**Haraldur Árnason**
**Árni Hrannar Haraldsson** **Eva Lind Helgadóttir**
**Kolbrún Haraldsdóttir** **Heiðar Örn Kristjánsson**
**Haraldur Örn Haraldsson**
**Bryndís Jónsdóttir** **Kristján Kristjánsson**
**Kristján Kristjánsson**
**Þór Kristjánsson**
**Brynjar Kristjánsson**
**og barnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir færum við öllum fyrir
auðsýnda samúð við andlát og útför
ástkærrar eiginkonu minnar,
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Huldu Óskar Skarphéðinsdóttur**
Baughóli 8, Húsavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki
krabbameinsdeildar Landspítalans, deild 11E,
fyrir einstaka umönnun.

**Ómar Sigurvin Vagnsson**
**Hólmfríður Lillý Ómarsdóttir** **Pétur Guðmundsson**
**Skarphéðinn Ómarsson** **Linda Ariliusdóttir**
**Sólveig Ómarsdóttir** **Jón Helgi Vigfússon**
**Ómar Gunnar Ómarsson** **Hulda Rósa Þórarinsdóttir**
**Birkir Vagn Ómarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Okkar yndislega ástkæra

**Alexandra Garðarsdóttir**

lést miðvikudaginn 12. júní.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 21. júní kl. 13.30.

**Natalie Pála Davíðsdóttir**
**Álfheiður Pála Magnúsdóttir** **Björn Brimar Hákonarson**
**Magnús Gunnar Björnsson**
**Fjölnir Þeyr Eggertsson** **Ásdís Árnadóttir**
**og aðstandendur.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Birna Soffía Karlsdóttir**

lést á Droplaugarstöðum
sunnudaginn 9. júní.
Útför hennar fer fram frá Neskirkju
fimmtudaginn 20. júní kl. 13.

**Kolbrún Anna Jónsdóttir** **Ólafur William Hand**
**Hjördís Unnur Jónsdóttir** **Eiríkur Magnússon**
**Karl Pétur Jónsson** **Guðrún Tinna Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Þráinn Ölversson**
frá Neskaupstað,
Álftahólum 4, Reykjavík

lést á Landspítalanum í Reykjavík þann
7. júní. Útför hans fer fram frá Garðakirkju
föstudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Sigríður Þráinsdóttir** **Bessi Brown Jónsson**
**Helena Ósk Bessadóttir**
**Alexander Freyr Bjarnason og Rökkvi Þór Sveinsson**

---



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir og afi,

**Jón Gunnar Skúlason**
verkfræðingur,
Sólbraut 12, Seltjarnarnesi,

lést 7. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útför hans fer fram frá Neskirkju
föstudaginn 21. júní kl. 13. Þeim sem
vildu minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Marta María Jónsdóttir**
**Jóakim Uni Arnaldarson**

---



†

Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát og útför ástkærrar
móður okkar, systur, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Sigurbjargar G. Karlsdóttur**

Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu
Ísafold fyrir sérstaka umönnun og alúð.

**Guðrún Björg Einarsdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir**
**og Þorsteinn Pálmar Einarsson**

---



†

**Sævar R. Arngrímsson**
mjólkurfræðingur,
Arnartanga 25, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum mánudaginn
10. júní. Útför hans fer fram frá
Grensáskirkju mánudaginn 24. júní
klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Krabbameinsfélag Íslands.

**Erla Þorleifsdóttir**
**Arndís Ú. Sævarsdóttir** **Páll Valdimarsson**
**Bryndís Mjöll Sævarsdóttir**
**Sævar, Eydís María og Birkir Örn**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Ásta Björnsdóttir**
Frá Þórukoti, Ytri Njarðvík,

sem lést á Hrafnistu, Nesvöllum,
3. júní, verður jarðsungin frá
Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 25. júní
og hefst athöfnin kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
Alzheimersamtökin.

**Hreinn Óskarsson**
**Gróa Hreinsdóttir**
**Sigurður Hreinsson** **Sigrún Júlíusdóttir**
**Karen Öder Magnúsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Elsku sonur minn,
faðir okkar og bróðir,

**Haukur Jónsson**
bryti,

lést á heimili sínu þann 10. júní sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á SÁÁ.
Blessuð sé minning Hauks Jónssonar.

**Jón Ólafur Ormsson**
**Heimir Bergmann Hauksson**
**Sveinn Bergmann Hauksson** **Ía Lindholm**
**Lilja Bergmann Hauksdóttir** **Þorvaldur Færseth**
**Jón Heiðar Hauksson** **Edda Jónsdóttir**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,
bróðir og mágur,

**Sigurbjörn Frímann Halldórsson**
Spóahólum 14, Reykjavík,

andaðist á krabbameinsdeild 11E
á Landspítalanum við Hringbraut
laugardaginn 15. júní. Útförin fer fram frá Áskirkju í
Reykjavík þriðjudaginn 25. júní. kl. 13.00. Blóm og kransar
eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hins
látna er bent á Ljósið eða önnur líknarfélög.

**Lonni Björg Sigurbjörnsdóttir Hansen** **Baldur Sævarsson**
**Lilja Bryndís Sigurbjörnsdóttir Hansen**
**Örn Aron Sigurbjörnsson** **Tanja Rán Einarsdóttir**
**barnabörn, systkini, mágar og mágkona.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Aldís Þuríður Ragnarsdóttir**
Dída

lést á Hrafnistu í Reykjavík 3. júní.
Útför hennar fer fram frá Lindakirkju í
Kópavogi þriðjudaginn 25. júní
klukkan 13.00.

**Sigurður Þórir Hauksson**
**Ingibjörg Hauksdóttir** **Ingþór Ásgeirsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



†

Elsku mamma okkar,
tengdamamma og amma,

**Dýrfinna Helga Klingenberg Sigurjónsdóttir**
ljósmóðir,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni
fimmtudaginn 20. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja
Líf/Lífsspor, Parkinsonsamtökin eða önnur líknarfélög.

**Elinborg Sigurðardóttir** **Guðmundur Ingólfsson**
**Elinóra Inga Sigurðardóttir** **Júlíus Valsson**
**Magnús Jóhannes Sigurðsson** **Margarita Raymondsdóttir**
**Þórey Stefanía Sigurðardóttir**
**Sigríður Helga Sigurðardóttir** **Guðmundur Vernharðsson**
**Jón Helgi Sigurðsson** **Inga Hafdís Sigurjónsdóttir**
**Sigrún Jóna Sigurðardóttir** **Kristófer Arnfjörð Tómasson**
**og fjölskyldur.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. júní 2019 | 24. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







66° NORTH

# Tískurisi keypti í 66°Norður

Félag í eigu fjölskyldunnar sem stýrir tískuhúsinu Chanel stóð að baki fjárfestingunni í 66°Norður síðasta sumar. Réðu framkvæmdastjóra frá einni stærstu fatanetverslun heims til að byggja upp erlendu starfsemina. Sjá fram á mikinn vöxt í netverslun. » 4



»2

## Stoðir lánuðu GAMMA einn milljarð króna

Fjárfestingafélagið veitti GAMMA lán til nokkurra mánaða til að bæta lausafjárstöðuna á meðan viðræður stóðu yfir við Kviku. GAMMA þurfti að greiða Stoðum um 150 milljónir í þóknun.

»6

## Opin kerfi hafa tekið stakkaskiptum

Hluthafar lögðu Opnum kerfum til 150 milljónir í aukið hlutafé í haust. Ragnheiður Harðar Harðardóttir, sem tók við sem forstjóri í mars, segir að samhliða breyttum áherslum hafi verið ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir.

»10

## Að milda niðursveifluna

„Stjórnvöld geta skapað aukið svigrúm til að lækka skatta hraðar og fjárfesta meira. Ef vel tekst til verður niðursveiflan horfin eins og dögg fyrir sólu áður en langt um líður,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, í aðsendri grein.




# Jarðböðin hagnast um rúmlega 300 milljónir

Jarðböðin á Mývatni högnuðust um 313 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaðurinn jókst lítillega á milli ára en hann nam 294 milljónum á árinu 2017. Heildarvelta félagsins jókst um 100 milljónir en hún nam 922 milljónum króna samanborið við 821 milljón króna á árinu 2017.

Stærstu hluthafarnir í Jarðböðunum eru fjárfestingafélagið Tækifæri, sem er aðallega í eigu KEA, Íslenskar heilsulindir, sem er dótturfélag Bláa lónsins, og Landsvirkjun. Í árslok 2018 voru Jarðböðin metin á um 4,6 milljarða króna í bókum Tækifæris sem fer með 43,8 prósenta hlut. Í upphafi árs 2018 voru hluthafar í félaginu 74 en 68 í lok árs.

Jarðböðin voru opnuð sumarið sumarið 2004 og hefur baðgestum fjölgað verulega á síðustu árum. Árið 2017 komu rúmlega 218 þúsund baðgestir í jarðböðin.

Í ársreikningi félagsins kemur fram að ákveðið hafi verið að hefja framkvæmdir við nýtt og stærra baðhús og baðlón á svæði félagsins þar sem núverandi aðstaða anni vart lengur þeim mikla fjölda gesta sem sækir jarðböðin, sérstaklega á háannatíma. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir að ný aðstaða verði tilbúin á miðju ári 2021. **– tfh**

# Incrementum með 800 milljóna hlut í Reitum

Fjárfestingafélagið Incrementum, sem var stofnað fyrr á árinu af viðskiptafélögunum Ívari Guðjónssyni, Baldvini Valtýssyni og Smára Rúnari Þorvaldssyni, er komið með um 1,4 prósenta eignarhlut í Reitum, stærsta fasteignafélagi landsins, sem er metinn á um liðlega 800 milljónir króna miðað við núverandi gengi bréfa félagsins. Samkvæmt nýlega uppfærðum hluthafalista Reita er Incrementum því fimmtándi stærsti hluthafi félagsins.

Félagið, sem er með vel á annan milljarð króna í hlutafé, hefur einnig verið að fjárfesta í Kviku banka en í lok síðasta mánaðar, eins og áður hefur verið greint frá í Markaðinum, var Incrementum skráð fyrir tæplega 1,1 prósents hlut í bankanum.

**59**

**milljarðar króna er markaðsvirði Reita í dag.**

Incrementum hóf starfsemi í vor en félagið mun fjárfesta í skráðum félögum í Kauphöllinni. Hluthafahópurinn samanstendur af fjársterkum einkafjárfestum og Kviku en eignarhlutur bankans í félaginu nemur um sjö prósentum. Stofnendurnir þrír eru eigendur að ráðgjafarfyrirtækinu Akrar Consult en þeir störfuðu allir saman hjá Landsbanka Íslands á árunum fyrir fall fjármálakerfisins. **– hae**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA, en kaup Kviku á félaginu kláruðust í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stoðir lánuðu GAMMA einn milljarð króna

**Fjárfestingafélagið veitti GAMMA lán til nokkurra mánaða til að bæta lausafjárstöðuna á meðan viðræður stóðu yfir við Kviku. GAMMA þurfti að greiða Stoðum um 150 milljónir í þóknun vegna lánsins. Var með breytirétt í hlutafé.**

Fjármálafyrirtækið GAMMA Capital Management, sem sameinaðist Kviku banka fyrr á árinu, fékk síðastliðið haust skammtímalán að fjárhæð einn milljarður króna frá fjárfestingafélaginu Stoðum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Lánið var tekið til að bæta lausafjárstöðu félagsins, sem var þá afar bágborin, á sama tíma og viðræður stóðu yfir við Kviku um kaup á öllu hlutafé GAMMA.

Samtals nam heildarþóknun – vextir og lántökugjald – Stoða vegna lánsins í kringum 150 milljónum króna en það var greitt upp að fullu skömmu eftir að Samkeppniseftirlitið lagði blessun sína yfir kaup Kviku á GAMMA í byrjun marsmánaðar. Í lánasamkomulaginu voru meðal annars skilmálar um breytirétt í hlutafé, samkvæmt heimildum Markaðarins, ef viðræður GAMMA og Kviku hefðu runnið út í sandinn. Stoðir hefðu þá haft heimild til að breyta láninu í hlutafé í GAMMA og verða um leið langsamlega stærsti hluthafi félagsins.

Stjórnarformaður Stoða er Jón Sigurðsson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Gerber, en Straumnes eignarhaldsfélag, sem er stýrt af Jóni og í eigu Bjargar Fenger, eiginkonu hans, og fjölskyldu, var jafnframt á meðal stærstu hluthafa GAMMA með tæplega tíu prósenta hlut.

**268**

**milljónir króna var tap GAMMA á árinu 2018.**

Á árinu 2018 nam tap af rekstri GAMMA samtals 268 milljónum króna borið saman við hagnað upp á 626 milljónir árið áður. Tekjur félagsins námu rúmlega 1.290 milljónum og drógust saman um 787 milljónir á milli ára. Í nýjum ársreikningi GAMMA er upplýst um að félagið hafi á árinu tekið ný lán að fjárhæð einn milljarður króna, sem var meðal annars nýtt til að greiða upp tæplega 286 milljóna króna skuld við Arion banka, en í árslok 2018 námu vaxtaberandi skammtímaskuldir GAMMA rúmlega 1.078 milljónum króna.

Samkvæmt öruggum heimildum Markaðarins voru það Stoðir sem fyrr segir sem veittu lánið til GAMMA í október á liðnu ári. GAMMA stóð höllum fæti á þessum tíma, lausafé fór þverrandi og talsvert var um innlausnir fjárfesta í sjóðum í stýringu félagsins, og var lánveitingin frá Stoðum því ekki hvað síst hugsuð til að reyna að styrkja samningsstöðu GAMMA í viðræðunum við Kviku, að sögn þeirra sem þekkja vel til.

Í lok júní var tilkynnt um að Kvika og hluthafar GAMMA hefðu skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup bankans á öllu hlutafé GAMMA og var kaupverðið þá sagt geta orðið allt að 3,75 milljarðar króna miðað við fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2017 og stöðu árangurstengdra þóknana sem átti eftir að tekjufæra. Fimm mánuðum síðar, eða þann 19. nóvember, var greint frá því að samkomulag hefði loks náðst um kaupin. Kaupverðið hafði þá hins vegar í millitíðinni lækkað nokkuð og var gert ráð fyrir að það myndi nema tæplega 2,9 milljörðum að teknu tilliti til árangurstengdra þóknana sem ekki höfðu enn verið tekjufærðar hjá GAMMA.

Eftir kaupin á GAMMA nema heildareignir Kviku í stýringu samtals um 442 milljörðum króna. Gert var ráð fyrir því að áhrifin á afkomu Kviku fyrir skatta yrðu um 300 til 400 milljónir króna á ársgrundvelli. Stærstu hluthafar GAMMA, með liðlega þrjátíu prósenta hlut hvor um sig, voru Gísli Hauksson, fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður félagsins, og Agnar Tómas Möller, sem var framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA. **hordur@frettabladid.is**

# Samdrátturinn dýpri en spáð hefur verið

Samtök iðnaðarins telja líkur á því að samdrátturinn í efnahagslífinu verði dýpri og vari lengur en nýlegar efnahagsspár hljóða upp á. Brýnt sé að ríkisfjármálin og peningastefna Seðlabankans taki mið af því.

Seðlabankinn og Hagstofa Íslands reikna með því að samdrátturinn verði um 0,2-0,4 prósent í ár en að hagvöxtur verði kominn í 2,4-2,6 prósent strax á næsta ári. Samtök iðnaðarins telja hættu á því að efnahagssamdrátturinn verði meiri í ár og hagvöxturinn minni á næsta ári en gert er ráð fyrir í þessum spám.



**Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.**

Í greiningu samtakanna er bent á að atvinnuleysi hafi aukist umtalsvert en það nam 3,7 prósentum í apríl samanborið við 2,3 prósent í sama mánuði í fyrra. Mjög lítill hagvöxtur hafi mælst á fyrsta fjórðungi þessa árs og líkur séu á því að samdráttur hafi verið talsverður á öðrum ársfjórðungi. Þá berist nú tölur af umtalsverðum samdrætti í fjölda ferðamanna. Þeim fækkaði um 24 prósent í maí í samanburði við sama mánuð í fyrra en Isavia hefur spáð 17 prósenta fækkun á milli 2018 og 2019.

Samtök iðnaðarins nefna að tillagan um breytingu á fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar, sem er nú til umræðu á Alþingi, byggi á spá Hagstofunnar og grundvallist því á of bjartsýnni spá. Það sé áhyggjuefni því að það auki líkur á að ríkisfjármálunum verði ekki beitt sem skyldi.

Telja samtökin brýnt að lækka stýrivexti Seðlabankans enn frekar til að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að takast á við samdrátt í efnahagslífinu. Þá séu horfurnar með þeim hætti að rétt sé að reka ríkissjóð með halla. Nú sé rétti tíminn til að draga úr álögum á atvinnulífið og auka við framlög til ýmissa málaflokka. **– tfh**

VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbílunum umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapakki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lyklalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is





# Chanel-fjölskyldan fjárfesti í 66°Norður

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



**Félag í eigu fjölskyldunnar sem stýrir tískuhúsinu Chanel stóð að baki fjárfestingunni í Sjóklæðagerðinni 66°Norður síðasta sumar. Hafa ráðið framkvæmdastjóra frá einni stærstu fatanetverslun heims til að byggja upp erlenda starfsemi fyrirtækisins.**

Bandaríska fjárfestingafélagið sem fjárfesti í Sjóklæðagerðinni 66°Norður síðasta sumar er í eigu fjölskyldunnar sem á tískuhúsið Chanel. 66°Norður hefur nú ráðið framkvæmdastjóra alþjóðlegrar starfsemi fyrirtækisins en hann var áður framkvæmdastjóri fataverslunarrisans Net-a-Porter. Hann segir íslenska fataframleiðandann búa yfir öllum þeim eiginleikum sem þarf til að verða heimsþekkt vörumerki.

Markaðurinn greindi fyrst frá kaupunum í júlí á síðasta ári en þá fengust ekki staðfestar upplýsingar um nafn bandaríska félagsins. Kaupandinn er fjárfestingafélagið Mousse Partners, sem var stofnað af Charles Heilbronn, hálfbróður Wertheimer-bræðranna sem stýra Chanel, en auðæfi þeirra eru metin á um 42 milljarða Bandaríkjadala.

Mousse Partners keypti tæplega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður og fól samkomulagið í sér hlutafjáraukningu upp á 3,2 milljarða króna sem gengið var frá í lok síðasta árs. Ráðgjafarfyrirtækið Rothschild í London hafði umsjón með sölunni fyrir hönd 66°Norður og Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, var einnig á meðal ráðgjafa í viðskiptunum.

**Heillaður af sérstöðunni**

66°Norður hefur ráðið Matthew Woolsey sem framkvæmdastjóra alþjóðlegrar starfsemi fyrirtækisins en hann býr yfir mikilli reynslu þegar kemur að vefviðskiptum, fatageiranum, fjölmiðlum og alþjóðlegum rekstri. Matthew gegndi síðast starfi framkvæmdastjóra vefverslunarinnar Net-a-Porter sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum þegar kemur að hágæða vörumerkjum í fatnaði. Hjá Net-a-Porter var Matthew ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri fyrirtækisins sem er með starfsstöðvar víðs vegar um heiminn. Þar á undan gegndi Matthew starfi framkvæmdastjóra stafrænna viðskipta hjá Barneys New York.

„Við lifum á tímum gnægðar sem þýðir að vörumerkin sem skara fram úr verða vörumerkin sem mynda djúpstæða tengingu við viðskiptavini sína. 66°Norður er þannig vörumerki vegna gæða varanna, framleiðslusögunnar og arfleifðarinnar. Þetta eru eiginleikar sem þú getur ekki falsað og þeir höfða til fólks hvort sem það býr í Bretlandi, Bandaríkjunum, Evrópu eða Kína. Þetta er það sem heillar mig við 66°Norður," segir Matthew í samtali við Markaðinn, spurður hvers vegna framkvæmdastjóri hjá risastóru fataverslunarfyrirtæki hafi fært sig yfir til íslensks fyrirtækis sem er tiltölulega lítið á alþjóðlegan mælikvarða.

Matthew mun hafa aðsetur í London og setja upp skrifstofu 66°Norður þar en höfuðstöðvar fyrirtækisins munu áfram verða á Íslandi. London verður miðstöð fyrir uppbyggingu erlendrar starfsemi félagsins að hans sögn. Spurður hvort 66°Norður geti orðið heimsþekkt vörumerki svarar hann játandi.

**Þöglir milljarðamæringar**

Bræðurnir Alain og Gérard Wertheimer eiga saman tískuhúsið Chanel en fjölskyldan er á meðal þeirra ríkustu í heimi. Samanlögð auðæfi þeirra eru metin á yfir 40 milljarða Bandaríkjadala en ólíkt öðrum milljarðamæringum í bransanum fer lítið fyrir þeim. Þeir forðast viðtöl við fjölmiðla og eru stundum kallaðir þöglustu milljarðamæringarnir í tískuheiminum. Ef bræðurnir mæta á tískusýningu á vegum Chanel þá keyra þeir þangað sjálfir og setjast í þriðju eða fjórðu röð. Í viðtali við New York Times árið 2002 sagði Gérard Wertheimer: „Við erum orðvör fjölskylda, við tjáum okkur aldrei opinberlega. Þetta snýst um Coco Chanel.



Þetta snýst um Karl [Lagerfeld]. Þetta snýst ekki um Wertheimer."

Auðæfi þeirra má rekja aftur til ársins 1924 þegar afi þeirra, Pierre Wertheimer, og bróðir hans fjármögnuðu tískuhús Chanel. Wertheimer-fjölskyldan náði síðan fullum yfirráðum yfir fyrirtækinu árið 1954.

> **Það að svona umsvifamikill fjárfestir komi inn sem minnihlutaeigandi er staðfesting á því að þeir eru samþykkir þeirri vegferð sem við erum á.**
>
> Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður

„Já, og vitund um vörumerkið á heimsvísu er nú þegar að aukast vegna þess að fólk frá öllum heimshornum er að kaupa vörurnar í verslunum fyrirtækisins á Íslandi og í Danmörku. Við ætlum að byggja á þessum grunni, sækja inn á nýja markaði og viðhalda eiginleikum vörumerkisins sem mynda þessa djúpstæðu tengingu við viðskiptavini," segir Matthew og bætir við að mikil áhersla verði lögð á netverslunina en á því sviði hefur hann heilmikla reynslu.

„Það er einfaldasta leiðin til að kynna vörurnar og söguna fyrir þeim sem hafa kannski aldrei komið til Íslands."

**Tengingin við Ísland lykilatriði**

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður, segir gríðarlega mikilvægt að hafa fundið sterkan meðfjárfesti sem er sammála þeirri stefnu sem eigendur félagsins hafa framfylgt. „Við Bjarney [Harðardóttir] erum búin að framfylgja ákveðinni stefnu og undirbúa félagið fyrir það að fá inn meðfjárfesta. Það að svona umsvifamikill fjárfestir komi inn sem minnihlutaeigendi á móti okkur er staðfesting á því að þeir eru samþykkir þeirri vegferð sem við erum á og að það séu mikil tækifæri til vaxtar á erlendum mörkuðum," segir Helgi Rúnar.

Þá segir hann að kauphegðun fólks sé að breytast mikið og vefurinn sé að fá meira og meira vægi þegar fólk hugar að fatakaupum.

„Við munum væntanlega opna fleiri verslanir erlendis en það verður lögð mikil áhersla á netverslunina. Fyrirtækið á merkilega sögu að baki sem vefurinn getur komið vel til skila. Síðan má ekki gleyma því að 66°Norður er sterkt vegna þess að það kemur frá Íslandi. Þetta skilja bæði Mousse Partners og Matthew og þess vegna verða höfuðstöðvarnar áfram á Ísland," segir hann.

Hjónin Helgi og Bjarney Harðardóttir, sem eiga núna rúmlega helmingshlut í 66°Norður, komu fyrst inn í hluthafahóp fyrirtækisins 2011 og eignuðust það síðan að fullu tveimur árum síðar. 66°Norður skilaði um 100 milljóna króna rekstrarhagnaði (EBITDA) á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um liðlega 60 milljónir frá fyrra ári. Tekjur fyrirtækisins, sem rekur tíu verslanir hér á landi og tvær í Kaupmannahöfn, jukust hins vegar um rúmlega 600 milljónir á árinu og námu samtals 4,47 milljörðum króna.

# ÍV töpuðu 68 milljónum

Íslensk verðbréf töpuðu 68 milljónum króna í fyrra samanborið við 36 milljóna króna tap árið áður. Tapið hefði verið meira í fyrra ef félagið hefði ekki selt 20 prósenta hlut í T Plús með 52 milljóna króna hagnaði. Söluverð hlutarins var 78 milljónir króna. Miðað við það er virði hlutafjár T Plús, sem starfar á sviði bakvinnslu, 390 milljónir króna.

Eignir í stýringu drógust saman um 19 prósent, eða tæpa 22 milljarða króna, á milli ára en eignir í stýringu námu 98,5 milljörðum króna árið 2018. Rúmlega tvö þúsund einstaklingar og lögaðilar voru með fjármuni í stýringu og vörslu hjá samstæðunni.

Hreinar tekjur Íslenskra verðbréfa drógust saman um 18 prósent á milli ára og námu 576 milljónum króna. Eigið fé dróst saman um 14 prósent á milli ára og nam 415 milljónum króna við árslok. Eiginfjárhlutfallið var 17 prósent en má ekki vera lægra en átta prósent samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Fyrrverandi eigendur Viðskiptahússins eignuðust í maí helmingshlut í Íslenskum verðbréfum í kjölfar sameiningar fyrirtækjanna. Félagið Björg Capital, sem er í eigu Þorbjargar Stefánsdóttur, er orðið langsamlega stærsti hluthafi Íslenskra verðbréfa en Þorbjörg er eiginkona Jóhanns M. Ólafssonar, stofnanda Viðskiptahússins og nýs forstjóra Íslenskra verðbréfa. Þar á eftir koma Stapi lífeyrissjóður, Brú lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, KEA, Kjálkanes, Maritimus Investors og Kaldbakur, hver um sig með 4,99 prósenta hlut. – hvj

# Stoðir með næstum eitt prósent í Högum

Fjárfestingafélagið Stoðir eignaðist um 0,7 prósenta hlut í smásölurisanum Högum í lok síðasta mánaðar, jafnvirði um 350 milljóna króna miðað við núverandi hlutabréfaverð, sem endurgjald fyrir nýtt hlutafé í félaginu. Þá fengu Stoðir einnig afhent bréf í Eimskip, sem jafngilda um 0,5 prósenta hlut í félaginu, í tengslum við nýafstaðið forgangsréttarútboð þar sem hluthafar fjárfestingafélagsins lögðu því til samtals rúmlega 3.650 milljónir króna í nýtt hlutafé.

Þetta kemur fram í skýrslu sem var lögð fyrir á stjórnarfundi Stoða þann 16. maí síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum. Sem endurgjald fyrir nýtt hlutafé í Stoðum, einu stærsta fjárfestingafélagi landsins, lögðu hluthafar því til annars vegar reiðufé að fjárhæð samtals 651 milljón króna og hins vegar með afhendingu bréfa í skráðum félögum



**Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða.**

sem voru metin á samanlagt um þrjá milljarða króna.

Þar munaði mestu um, eins og áður hefur verið upplýst, að eignarhaldsfélagið S121, stærsti hluthafi Stoða með um 65 prósenta hlut í dag, lagði félaginu til um 2,2 milljarða króna í nýtt hlutafé með afhendingu á bréfum í TM, sem jafngildir tæplega tíu prósenta hlut í tryggingafélaginu. Samtals skráði S121, sem er meðal annars í eigu Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanns TM, Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM, sig fyrir nýju hlutafé í Stoðum fyrir samtals 2,7 milljarða króna en auk bréfa í TM lagði félagið fram reiðufé að fjárhæð um 482 milljónir króna.

Í fyrrnefndri skýrslu kemur auk þess fram að hluthafar Stoða hafi afhent félaginu bréf í tryggingafélaginu VÍS, sem eru metin á um 160 milljónir króna, eða sem nemur 0,5 prósenta hlut í félaginu, og einnig tæplega 4,8 milljónir hluta að nafnvirði í Skeljungi, jafnvirði 40 milljóna króna miðað við núverandi gengi.

Stærstu hluthafar Stoða, fyrir utan S121, eru Arion banki með liðlega 20 prósenta hlut, Landsbankinn fer með um 15 prósenta hlut og þá eiga ýmsir lífeyrissjóðir lítinn hlut í félaginu. Eigið fé Stoða, sem fjárfesti í Arion banka og Símanum fyrir skemmstu fyrir samtals um níu milljarða, er eftir hlutafjáraukninguna um 22 milljarðar króna. – hae



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
13.995
Flísasög 80mm
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Ragnheiður Harðar Harðardóttir, forstjóri Opinna kerfa, segir að stafræn þróun sé orðin að hjarta margra leiðandi fyrirtækja og í því geti falist samkeppnisforskot. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Opin kerfi hafa tekið stakkaskiptum

**Hluthafar lögðu Opnum kerfum til 150 milljónir króna í aukið hlutafé í haust og við það fór eiginfjárhlutfallið í um 20 prósent. Ragnheiður Harðar Harðardóttir, sem tók við sem forstjóri í mars en var áður fjármálastjóri, segir að samhliða breyttum áherslum hafi verið ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir. Gert sé ráð fyrir að afkoman verði vel viðunandi í ár.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Rótgróin upplýsingatæknifyrirtæki sem þjónusta tölvukerfi fyrirtækja og selja búnað til þeirra um heim allan eru að ganga í gegnum umbreytingarferli. Markaðurinn kallar eftir annarri nálgun en áður. Fyrirtækin eru því að þróast frá því að selja tækjabúnað í að bjóða lausnir og þjónustu. Af þessum sökum hefur starfsemi Opinna kerfa tekið stakkaskiptum,“ segir Ragnheiður Harðar Harðardóttir, forstjóri fyrirtækisins.

Hún bendir á að áður hafi tíðkast að fyrirtæki keyptu tækjabúnað sem greitt hafi verið fyrir með einni greiðslu. Peningur hafi því komið strax í kassann. Nú gera fyrirtæki almennt langtímasamning um afnot af tækjabúnaði og upplýsingatækniþjónustu. Við það hafi viðskiptalíkanið breyst.

„Við erum ekki jafn háð einstökum sölum og áður og því er reksturinn traustari til lengri tíma. Auk þess er framlegðin meiri af þjónustusamningum en sölu á vöru. Fyrirtækið verður því arðbærara,“ segir Ragnheiður.

*Með hvaða hætti breyttust Opin kerfi við þessi umskipti?*

„Við erum með stóran hóp af sölumönnum sem eru vanir því að selja vörur. Þeir þurfa núna að einbeita sér að því að selja heildarlausnir, þjónustu og ráðgjöf. Þegar vörur eru seldar til fyrirtækja þarf alla jafna einungis að tala við kerfisstjóra hvers og eins fyrirtækis. Samtalið við viðskiptavini er allt annað þegar selja á ráðgjöf og innleiðingu rekstrar-, skýja- og hýsingarlausna.

**Það verður að viðurkennast að það reyndi á þegar veltan dróst saman um milljarð á milli ára vegna samdráttar í sölu á vélbúnaði, en ástæðan var fyrst og fremst samdráttur í sölu á búnaði til erlends viðskiptavinar. Erfitt er að eiga við svona stórfelldar breytingar í geiranum en þegar litið er í baksýnisspegilinn tókst okkur að halda vel á spöðunum í krefjandi aðstæðum.**

Nú þarf að ræða við yfirmann tæknimála, fjármálastjóra og jafnvel kynna málið fyrir stjórn fyrirtækisins. Það að eiga þessi samtöl krefst mikillar þekkingar og við höfum því fjárfest ríkulega í starfsfólkinu svo það geti staðið sig vel á þessum vettvangi.

Starfsmenn Opinna kerfa þurfa líka að geta sett sig í spor þeirra fyrirtækja sem til okkar leita og hjálpa þeim að sjá fyrir hvernig tækniumhverfi þeirra er að breytast og hvernig best sé fyrir þau að staðsetja sig til framtíðar hvað tæknimálin varðar.“

### Tæknin er hjarta fyrirtækja

*Þú segir að fyrirtæki útvisti tölvukerfum í meiri mæli en áður. Var einhver vendipunktur í þeim efnum sem ýtti þeim enn frekar í þá átt?*

„Flest fyrirtæki í dag eru á vissri stafrænni vegferð sem felst í því að leita leiða til að þjónusta þarfir viðskiptavina á rafrænan og skilvirkari hátt og á sama tíma að knýja fram hagræði í rekstri.

Við þessar stafrænu umbreytingar hafa tæknimál fyrirtækja skipst í tvennt. Annars vegar rekstur tölvukerfa og hönnun upplýsingatækniumhverfa, sem hægt er að útvista, og hins vegar þessa stafrænu stefnumótun fyrirtækja sem snýr að því að efla samkeppnishæfni á markaði.

Tæknimál fyrirtækja eru í auknum mæli komin á borð stjórnenda, forstjóra og framkvæmdastjóra markaðs- og kynningarmála, þar sem stafræna þróunin er orðin lykilatriði í rekstrinum og samkeppninni. Uppitími kerfa, upplýsingaöryggi, og viðbragðsflýtir þjónustuaðila eru atriði sem stjórnendur ætlast til að séu í lagi svo þeir geti einbeitt sér að stafrænni vegferð fyrirtækja sinna.

Það má segja að tæknin sé hjarta margra leiðandi fyrirtækja og stjórnendur þeirra eru meðvitaðir um mikilvægi hennar. Þau fyrirtæki sem standa hvað best að vígi varðandi stafrænu vegferðina vita að í henni getur verið fólgið samkeppnisforskot.

Þau fyrirtæki sem hafa staðið hvað best í þessum málum hafa myndað sérstakar stafrænar deildir eða teymi innanhúss því samkeppnisforskotið fæst ekki með því að reka eigið upplýsingatæknikerfi heldur hvernig fyrirtækið getur nýtt tæknina til að vera leiðandi.

Útvistun tölvukerfa skiptir nefnilega miklu máli. Fyrir utan kostnaðarhagræði sem fylgir því þá gefst stjórnendum svigrúm til að huga beint að kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Það sem er ekki síður mikilvægt fyrir stjórnendur er að útvistun leiðir til þess að kostnaður við upplýsingatækni verður fyrirsjáanlegur en það auðveldar áætlanagerð.“

### Síðustu tvö ár krefjandi

Afkoma Opinna kerfa berst í tal. „Það að ráðast í umbreytingu á rekstri fyrirtækja er krefjandi og síðustu tvö ár bera þess merki. Sú vinna gengur vel og við sjáum nú mikinn viðsnúning á rekstrinum.

Salan er umtalsvert yfir áætlunum

Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2019



Gísli Már Gíslason fræðir fólk um pöddulíf í Elliðaárdal í kvöld. MYND/KRISTINN INGVARSSON

# Kakkalakkar ekki æskilegir á heimilum

Gísli Már Gíslason skordýrasérfræðingur fræðir fólk um heim skordýranna í Elliðaárdal í kvöld. Hann segir skordýrategundum á Íslandi hafa fjölgað um um það bil 400 á þeim 40 árum sem hann hefur kennt skordýrafræði. →2



Framhald af forsíðu ➪

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Gísli segir skordýraáhuga sinn hafa kviknað vegna þess að hann hafi alla tíð haft áhuga á vistfræði. Hann fór því í nám í sjávarvistfræði að loknu BS-prófi. Þegar hann byrjaði í doktorsnámi segist hann hafa farið yfir í vatnalíffræði og það hafi verið tilviljun sem réði því að skordýr urðu fyrir valinu.

„Þau eru langfjölliðuðust af þeim dýrategundum sem lifa í og við vötn. Ef þú tekur Mývatn sem dæmi þá getur þéttleikinn á botninum þar verið 100.000 á fermetra. Í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu höfum við mælt upp í 300.000 bitmýslirfur á fermetra,“ segir Gísli.



**Laugakönguló lifir á norðurhveli jarðar** MYND/KRISTINN INGVARSSON

Skordýr eru aðalfæða fugla og fiska í íslenskum vötnum. Gísli segir að 70% fæðu urriðans í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu séu bitmýslirfur. Það er því ljóst að þær eru mjög mikilvægar fyrir lífríkið.

„Fiskistofnar Mývatns sveiflast með fæðuframboði mýs. Þó þeir éti líka krabbaflær og annað,“ segir Gísli. „Skordýr eru undirstaða mjög margs, þau eru til dæmis undirstaða mófuglalífs, þetta eru allt skordýraætur.“

Gísli er sérfræðingur í vatnaskordýrum en segist vita ýmislegt um önnur skordýr enda hafi hann kennt skordýrafræði í yfir 40 ár. Hann segir skordýrategundum hér á landi hafa fjölgað mikið á þeim tíma og hann á von á því að fjölgunin verði meiri.

„Það eru komnar humlutegundir sem ekki voru áður. Það eru rauðhumla, garðhumla og húshumla til viðbótar við móhumluna sem var fyrir. Þetta eru allt hunangsflugur,“ segir Gísli.

„Síðan hafa bæst við þó nokkuð margar geitungategundir. Holugeitungur var fyrsti geitungurinn í Reykjavík og nágrenni svona upp úr 1970. Núna eru geitungategundirnar orðnar sex, þetta verður fólk vart við, jafnvel óttast þetta.“



Skordýraskoðun er fyrir alla fjölskylduna. MYND/JÓN ÖRN GUÐBJARTSSON

> **Það eru alltaf að berast ný skordýr sem verða húsdýr. Þau koma yfirleitt með matvöru og eru oftast ekki hættuleg.**



**Pödduskoðun með víðsjá.** MYND/JÓN ÖRN GUÐBJARTSSON



**Gísli er sérfræðingur í vatnaskordýrum.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

### Á von á moskítóflugum til Íslands

Gísli segir að vatnaskordýrum fjölgi einnig en þekktasta dæmið er lúsmýið. „Ég spái því að með auknum lofthita, sem er þó sveiflukenndur, muni skordýrum hér fjölga verulega. Þau skordýr sem hafast við í heitari löndum eru að færa sig norður á bóginn. Ég á von á því að moskítóflugur slæði sér hingað til lands fyrr eða síðar.“

Skordýrin berast hingað með vindum. Vorflugutegundum, sem eru á stærð við fiðrildi, hefur fjölgað úr 10 í 12 á þeim tíma sem Gísli hefur rannsakað þær. „Við höfum fylgst með hvað þær eru lengi að berast um landið, ég fann fyrri tegundina 1974 þegar ég var í doktorsnámi. Þá var hún bundin við Austfirði og Norðausturland. Núna hefur þessi tegund náð því að dreifa sér um allt land. Dreifingarhraðinn eru 7-10 km á ári.“

Á fjórum árum hefur lúsmýið sem upprunalega fannst í Kjósinni dreift sér um Borgarfjarðarhérуð, höfuðborgarsvæðið og austur í Biskupstungur og Gísli segir allt benda til þess að það muni dreifa sér um allt land.

Gísli segir að óþarfi sé að hræðast að þessar nýju tegundir berist heim til fólks. „Það eru alltaf að berast ný skordýr sem verða húsdýr, þau koma yfirleitt með matvöru. Sérstaklega mjöli og öðru slíku. Yfirleitt eru þessi skordýr ekki hættuleg. En það er allt í lagi að hafa varann á. Sumt er ekkert æskilegt að hafa í híbýlum sínum eins og kakkalakka, það kemur mikil lykt af þeim.“

Gísli segir þrjár tegundir kakkalakka orðnar landlægar hér á landi, en þær hafa takmarkaða útbreiðslu.

Í Elliðaárdalnum í kvöld verður hægt að veiða skordýr og skoða þau í víðsjám. Gísli verður á staðnum ásamt fleiri líffræðingum frá Háskóla Íslands til að fræða fólk um dýrin sem það veiðir.

„Við hittumst við gömlu rafstöðina klukkan 18.00. Við sitjum við borð með víðsjár þannig að þeir sem safna skordýrunum geta skoðað þau betur með stækkun. Við komum með háfa og skálar sem fólk getur skoðað skordýrin í en það er gott ef fólk kemur með krukkur að heiman til að safna skordýrunum saman,“ segir Gísli.

„Skordýrin veiðast þarna í kjarrinu og við bakka Elliðaánna. Við leggjum til að krakkarnir velti við steinum en þá kemur ýmislegt í ljós eins og járnsmiðir og bjöllur og annað sem þau geta veitt.“

Skordýraskoðunin er hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands, Ferðafélagi unga fólksins, Háskóla Íslands og Háskóla unga fólksins, Með fróðleik í fararnesti. Gísli hefur verið með, sem hluta af verkefninu, kræklingagöngur í Hvalfirði sem er nú orðin að fjöruferð í Gróttu, skordýraskoðunina og í ágúst verður sveppaferð. Skordýraskoðunin ásamt hinum ferðunum er hugsuð fyrir alla fjölskylduna.

„Krakkarnir hafa mikinn áhuga á þessu,“ segir Gísli. „En svo kemur fullorðið fólk með, foreldrar og aðrir aðstandendur.“



# Secret Solstice

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2019

## Fjölskylduvænt í Laugardalnum



Um næstu helgi fer Secret Solstice hátíðin fram í sjötta sinn. Mikið verður um dýrðir og munu um 100 listamenn og hljómsveitir koma fram á fjórum sviðum frá föstudegi til sunnudags. →2



Um næstu helgi fer Secret Solstice hátíðin fram í sjötta sinn. Mikið verður um dýrðir og munu um 100 mismunandi listamenn og hljómsveitir koma fram á fjórum sviðum frá föstudegi til sunnudags.

Í samvinnu við Reykjavíkurborg hefur verið lögð sérstök áhersla á að gera hátíðina spennandi og aðgengilega fyrir fjölskyldufólk. Þannig var við val á tónlistarmönnum hugað að því að eitthvað væri þar fyrir alla aldurshópa. Á svæðinu verða ýmiss konar tívolítæki, þar á meðal klessubílabraut sem ekki hefur verið áður. Þá er sérstakt barnasvæði sem fólkið á bak við barnahátíðina Kátt á Klambra sér um.

Stærstu breytingarnar hvað varðar fjölskyldur er að í ár er frítt inn fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum auk þess sem ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára geta keypt sér sérstaka ungmennapassa á 9.900 krónur. Þá er í fyrsta sinn hægt að kaupa sérstaka dagspassa á alla dagana fyrir 10.900 krónur. Þá hefur verð á fullum miða verið lækkað úr 24.900 krónum í 19.900 krónur.

Eins og áður segir koma um 100 listamenn fram á hátíðinni, ber þar hæst hljómsveitina Black Eyed Peas sem er að koma aftur eftir nokkurra ára hlé ásamt hinum goðsagnakennda söngvara hljómsveitarinnar Led Zeppelin – Robert Plant. Plant mætir á svæðið með sex manna band og tekur sín eigin lög í bland við stærstu slagara Led Zeppelin.

Af íslenskum tónlistarmönnum ber helst að nefna hljómsveitina Hatara en Vök, Jói Pé og Króli, Auður, Sólstafir og Vintage Caravan spila einnig ásamt fleirum.

Þá verða á svæðinu fjölmargir veitingavagnar – má þar nefna Domino's, Lobster Hut, Bæjarins bestu, Hamborgarabúlluna, Reykjavík Chips og Tacosson. Þá verða ýmiss konar verslanir á svæðinu.

Önnur veigamikil breyting á hátíðinni er sú að til þess að bregðast við athugasemdum nágranna hefur hátíðin verið stytt úr fjórum dögum í þrjá auk þess sem öll næturdagskrá hefur verið flutt úr Laugardalshöllinni og á Hard Rock Café í Lækjargötu. Þannig lýkur öllum hátíðarhöldum í Laugardalnum klukkan 23.30.

Það verður því nóg um að vera í Laugardalnum um næstu helgi, eitthvað fyrir alla og veðurspáin frábær. Aðstandendur vilja sérstaklega hvetja fjölskyldur til að mæta saman á svæðið og njóta alls þess sem þessi frábæra tónlistarhátíð hefur upp á að bjóða



Í fyrsta sinn verður hægt að kaupa sérstaka dagspassa á alla dagana fyrir 10.900 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Hertar öryggisreglur

Í samráði við Reykjavíkurborg og lögregluna hafa reglur er varða aðgang ungmenna að hátíðinni sem og áfengissölu verið hertar verulega.

Þeir sem eru 12 ára og yngri þurfa að sjálfsögðu að vera í fylgd með foreldrum sínum. Þá er sú nýbreytni að þeir sem eru yngri en 18 ára fá ekki afhent armbönd á hátíðina nema í fylgd foreldra sinna sem munu þurfa að kvitta fyrir bæði móttöku armbanda barna sinna ásamt því að þeir þurfa að tryggja að börn þeirra verði í fylgd þeirra sjálfra eða einhvers á þeirra vegum á hátíðinni. Þetta er gert til að bregðast við því hvimleiða vandamáli að síðustu ár hefur það verið alltof algengt að börnum og unglingum sé fylgt inn á svæðið en þau síðan skilin eftirlitslaus eftir.

Önnur veigamikil breyting er sú að til þess að komast inn á svæðið þurfa gestir að vera með miða í eigin nafni og framvísa löggildum skilríkjum – löggild skilríki teljast ökuskírteini og vegabréf.



Öllum hátíðarhöldum verður lokið í Laugardalnum klukkan 23.30.



Afhending armbanda inn á hátíðina byrjar á morgun kl. 14

## Sérstök armbönd fyrir áfengiskaup

Secret Solstice er stærsti vínveitingastaður landsins og til þess að tryggja að enginn undir aldri fái afgreitt áfengi verða daglega afhent sérstök áfengisarmbönd gegn framvísun skilríkja. Þessi armbönd verða skilyrði þess að hægt sé að kaupa áfenga drykki á börunum á svæðinu.

Ekki er leyfilegt að koma með drykki inn á hátíðina, hvort sem þeir eru áfengir eða óáfengir. Hægt er að taka með sér tóma brúsa eða flöskur og inni á svæðinu er vatnsbrunnur sem hægt er að nota til áfyllingar. Þá er ekki leyfilegt að hafa með sér myndavélar sem hægt er að skipta um linsur á. Minni einfaldar myndavélar eru í lagi. Gestir þurfa að vera undir það búnir að leitað verði í töskum og öðru sem þeir taka með sér inn á svæðið.

## Skilríki skilyrði

Inngangurinn að svæðinu er á milli Laugardalsvallar og Þróttarheimilisins.

Miðsala hefst við innganginn klukkan 12 í dag, miðvikudaginn 19. júní.

Afhending armbanda inn á hátíðina er frá kl. 14 til 20 á morgun, fimmtudaginn 20. júní, og frá klukkan 12 til 22.30 alla hátíðardagana. Við hvetjum fólk til þess að sækja armbönd strax á morgun eða mæta tímanlega þann dag sem mætt er á hátíðina þar sem mikið álag verður við afhendingu eftir því sem líður á daginn. Þá munu hertar öryggisreglur við afhendingu líklega valda einhverjum töfum á álagstímum.

Þá vilja aðstandendur hátíðarinnar sérstaklega benda á að fólki verður ekki undir neinum kringumstæðum hleypt skilríkjalausu inn á svæðið. Debet- og kreditkort teljast ekki sem skilríki í því samhengi. Eina undantekningin á þeirri reglu gildir um börn og ungmenni í fylgd foreldra sinna.


Morgundagurinn verður betri með After Party

Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.artasan.is


Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is


BLAZIN'
BACON ZINGER TOWER
56 %
DÖKKT
1.299 kr.
Zinger kjúklingabringa, Blazin' sósa,
kál, salsa, ostur, kartöfluskífa & beikon.
KFC
1.999 kr.
Blazin' Bacon Zinger Tower borgari,
3 Hot Wings, franskar, gos & dökkt Hraun.









**Það hefur verið stuð í Laugardalnum síðustu árin sem Secret Solstice hefur verið haldin. Hátíðin heldur áfram að vekja athygli erlendis en í ár mun MTV koma og mynda.**

# Hátíðin festir sig í sessi

Secret Solstice tónlistarhátíðin verður haldin í sjötta sinn um helgina. Fram kemur fjöldi innlendra og erlendra tónlistarmanna á heimsmælikvarða. Þar má nefna erlendu stórstjörnurnar í Black Eyed Peas, Robert Plant úr Led Zeppelin, Patti Smith og Pussy Riot svo nokkrir séu taldir.

Hátíðin í ár verður með talsvert breyttu sniði en samningur við Reykjavíkurborg um að halda hátíðina í Laugardal var samþykktur í borgarráði í maí.

Tónleikasvæðinu verður lokað klukkan hálf eitt og færist dagskráin þá niður í miðbæ þar sem gleðin mun halda áfram á Hard Rock Café sem mun ganga undir nafninu Ragnarök á meðan hátíðin stendur yfir. Dögunum hefur verið fækkað um einn og verða þetta þrír þéttir dagar í stað fjögurra.

MTV-sjónvarpsstöðin mun senda tökulið til landsins til að mynda hátíðina en sjónvarpsstöðin valdi hátíðina eina af fimm áhugaverðustu tónlistarhátíðum í Evrópu í sumar. Aðrar hátíðir sem komust á listann voru Exit-hátíðin í Serbíu, Isle of MTV á Möltu, Ultra Europe í Króatíu og Sziget í Ungverjalandi. Sjónvarpsstöðin gaf VIP-miða á hátíðina.

Föstudagurinn hefst með látum en þá munu Bríet, Auður, Svala, Pussy Riot, Rita Ora og Jonas Blue stíga á svið í Valhöll.

Plötusnúðurinn Jonas Blue hljóp í skarðið fyrir hinn hollenska Martin Garrix sem ökklabrotnaði í Bandaríkjunum. Þurfti kappinn að gangast undir aðgerð vegna þess.

Jonas hefur gefið út eina plötu, Blue, sem kom út í lok síðasta árs. Útgáfur hans af þekktum lögum hafa vakið athygli í gegnum tíðina og má þar helst nefna slagarann Fast Car sem upphaflega er með Tracy Chapman.

Knattspyrnuunnendur kannast kannski við kappann en hann kom fram fyrir úrslitaleik Evrópudeildarinnar í knattspyrnu þar sem Chelsea og Arsenal öttu kappi í Bakú í Aserbaídsjan.



**Föstudagurinn hefst með látum en þá munu Bríet, Auður, Svala, Pussy Riot, Rita Ora og Jonas Blue stíga á svið í Valhöll.**

**Til þess að komast inn á svæðið þurfa gestir að vera með miða í eigin nafni.**





# Ekki missa af Bríeti og Warmland

## Bríet og Warmland fá sérstaka tilnefningu frá hátíðinni.

Secret Solstice mælir sérstaklega með því að gestir láti ekki hljómsveitina Warmland og söngkonuna Bríeti fram hjá sér fara.

Warmland er ný og spennandi hljómsveit sem er á mikilli siglingu þessa dagana. Stofnendur hennar, Arnar Guðjónsson og Hrafn Thoroddsen, leiddu saman hesta sína fyrir nokkru eftir að hafa túrað saman með hljómsveitinni Bang Gang um Kína. Þeir mætast á miðri leið með ólíkan bakgrunn í tónlist og úr verður vel heppnaður bræðingur raf- og popptónlistar umlukinn grípandi söngmelódíum. Fyrsta plata Warmland kemur út föstudaginn 21. júní og er öllum ljóst sem þekkja til sveitarinnar að hún hefur alla burði til að ná langt út fyrir landsteinana.



Söngkonan Bríet kom eins og stormsveipur í íslenskt tónlistarlíf snemma árs 2018. Vakti áhuga bæði hérlendis og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**» Warmland er ný og spennandi hljómsveit sem er á mikilli siglingu þessa dagana. Stofnendur hennar eru Arnar Guðjónsson og Hrafn Thoroddsen.**

Warmland spilar í Raufarhólshelli klukkan 16 laugardaginn 22. júní og á aðalsviði Secret Solstice klukkan 17.25 Sunnudaginn 23. júní.

Söngkonan Bríet kom eins og stormsveipur inn í íslenskt tónlistarlíf snemma árs 2018 með laginu In Too Deep og vakti strax mikinn áhuga bæði hérlendis og erlendis. Síðan þá hefur hver smellurinn á fætur öðrum komið frá þessari framtíðar poppstjörnu og fengið mikla spilun í útvarpi og á streymisveitum. Verðlaun á nýafstöðnum hlustendaverðlaunum og Íslensku tónlistarverðlaunum bera þess merki að stórir hlutir eru í vændum hjá þessari frábæru söngkonu.

Bríet spilar í Raufarhólshelli klukkan 15.30 laugardaginn 22. júní og á aðalsviði Secret Solstice klukkan 16.45 föstudaginn 21. júní.


SECRET SOLSTICE 2019

## 21ST FRIDAY

### VALHALLA
22:00 JONAS BLUE [UK]
20:30 RITA ORA [UK]
19:05 PUSSY RIOT [RU]
18:15 SVALA [IS]
17:30 AUÐUR [IS]
16:45 BRÍET [IS]

### GIMLI
22:40 NIGHT LOVELL [CA]
21:40 YXNG BANE [UK]
21:00 CLUBDUB [IS]
20:05 ELLI GRILL [IS]
19:25 SÉRA BJÖSSI [IS]
18:45 SPRITE ZERO KLAN [IS]
18:15 CHASE [IS]
17:30 THE VINTAGE CARAVAN [IS]
16:40 IPCUS PINECONE [US]
16:00 EINAR INDRA [IS]

### FENRIR
powered by Icelandic Glacial
22:00 KERRI CHANDLER [US]
21:00 MR. G (LIVE) [UK]
19:30 JEREMY UNDERGROUND [FR]
18:30 NITIN [CA]
17:30 LUCA DONZELLI [IT]
16:00 BENSOL [IS]

### ASKUR
22:30 LAFONTAINE (LIVE) [IS]
20:30 ALXJ [DE] B2B VOM FEISTEN [DE]
19:30 DILIVIUS LENNI [DE]
18:30 OKTAV DJ [IS]
17:30 LEE-ANN ROBERTS [SA]
16:00 VIBES [IS]

### RAGNARÖK
Hard Rock Cafe RVK
02:30 EXOS [IS]
01:30 WAAGE [IS]
00:30 LUCA DONZELLI [IT]
23:30 CHRIS HIROSE [DE]
03:30 IMMATURE [DE]
02:30 MIKE THE JACKET [IS]
01:30 ALXJ [DE] B2B VOM FEISTEN [DE]
00:30 CASANOVA [IS]
23:30 KRBEAR [IS]

## 22ND SATURDAY

### VALHALLA
22:15 BLACK EYED PEAS [US]
20:40 FOREIGN BEGGARS [UK]
19:20 THE SUGARHILL GANG WITH GRANDMASTER MELLE MEL & SCORPIO (OF THE FURIOUS 5) [US]
18:20 HATARI [IS]
17:15 MR. G (DJ)
16:40 JOÍPÉ & KRÓLI [IS]
16:00 KONFEKT [IS]

### GIMLI
22:50 BOY PABLO [NO]
22:00 HÖGNI [IS]
20:55 SÓLSTAFIR [IS]
19:55 ÁRSTÍÐIR [IS]
19:05 WE MADE GOD [IS]
18:20 ROKKY [IS]
17:35 GRÚSKA BABÚSKA [IS]
16:50 PINK STREET BOYS [IS]
16:15 BLÓÐMÖR [IS]
15:30 CAPTAIN SYRUP [IS]

### FENRIR
powered by Icelandic Glacial
22:30 HENNING BAER [DE]
21:00 MK MARC KINCHEN [US]
20:00 MIKE THE JACKET [IS]
18:30 IMMATURE [DE]
17:30 NO REGULAR PLAY (LIVE) [US]
16:30 KRBEAR [IS]
15:50 SKAÐI [IS]

### ASKUR
22:30 JÓHANN STONE [IS]
21:30 WAAGE [IS]
20:30 TTT [IS]
19:30 OUR PSHYCH [IS]
18:30 DOCTOR VICTOR [IS]
17:30 INGI BAUER [IS]
15:30 HAUSAR [IS]

### RAGNARÖK
Hard Rock Cafe RVK
03:30 HENNING BAER [DE]
02:30 COSMIC BULLSHIT [IS]
01:30 NITIN [CA]
00:30 LEE-ANN ROBERTS [US]
23:30 JAMIE CLARKE [IE]
03:30 MK MARC KINCHEN [US]
02:30 BENSOL [IS]
01:30 CARLA ROSE [IS]
00:30 MONICA JUDE [AU]
23:30 SBEEN AROUND [IS]

## 23RD SUNDAY

### VALHALLA
22:00 ROBERT PLANT & THE SENSATIONAL SPACE SHIFTERS [UK]
20:30 MORCHEEBA [UK]
19:05 PATTI SMITH AND BAND [US]
18:15 VÖK [IS]
17:25 WARMLAND [IS]
16:35 ÁSA [IS]
15:45 UNA STEF [IS]

### GIMLI
22:40 DILLON COOPER [US]
21:40 FLONI [IS]
21:00 BIRNIR [IS]
20:20 JOEY CHRIST [IS]
19:40 STURLA ATLAS [IS]
19:00 LOGI PEDRO [IS]
18:15 R3WIRE AND VARSKI [UK]
17:25 BIRGIR HÁKON [IS]
16:45 KILO [IS]
16:10 DRENGUR [IS]
15:30 ARI ÁRELÍUS [IS]

### FENRIR
powered by Icelandic Glacial
22:30 EXOS [IS]
21:00 JAMES ZABIELA [UK]
20:00 COSMIC BULLSHIT (LIVE) [IS]
19:00 BILL PATRICK [US]
17:30 CLINT STEWART [US] B2B CHRIS HIROSE [DE]
16:30 RICOSHËI [US]
15:30 CARLA ROSE [IS]

### ASKUR
22:00 PATRICE BAUMEL [DE]
DESERT HEARTS
21:00 MIKEY LION [US]
20:00 MARBS [US]
19:00 LEE REYNOLDS [US]
18:00 CARLY WILFORD [UK]
17:00 MONICA JUDE [AU]
15:30 SBEEN AROUND [IS]

### RAGNARÖK
Hard Rock Cafe RVK
01:30 JAMES ZABIELA [UK]
00:30 CLINT STEWART [US]
23:30 RICOSHËI [US]
01:00 LEE REYNOLDS [US] (DESERT HEARTS)
MARBS [US] (DESERT HEARTS)
MIKE LION [US] (DESERT HEARTS)
23:30 BILL PATRICK [US]

# Black Eyed Peas með nýtt lag á Secret Solstice

Eitt af aðalnúmerum á Secret Solstice í ár er hljómsveitin Black Eyed Peas. Hljómsveitin er ein vinsælasta hljómsveit 21. aldarinnar og hefur oft verið á toppi vinsældalista heimsins í gegnum árin.

Vinsælasta lag hljómsveitarinnar Black Eyed Peas er að sjálfsögðu lagið I Gotta Feeling sem David Guetta spilaði undir í, en það tók hljómsveitina langan tíma að komast á toppinn. Það var árið 1988 sem William Adams og Allan Pineda kynntust og byrjuðu að rappa á tónleikum í Los Angeles, 13 og 14 ára gamlir. Nokkrum árum seinna fór boltinn að rúlla en umboðsmaðurinn Eazy-E tók eftir strákunum árið 1992.

### Eitt frægasta tríó heims

Adams og Pineda urðu að Will.i.am og Apl.de.ap og saman ásamt vini sínum Dante Santiago stofnuðu þeir hljómsveitina Atban Klann. En það er ekki Atban Klann sem er að mæta og trylla á Secret Solstice í ár. Eazy-E lést úr eyðni stuttu eftir að hljómsveitin varð til. Eftir það breyttist nafnið á hljómsveitinni í Black Eyed Peas og Santiago var skipt út fyrir rapparann Jaime Gomez, betur þekktan sem Taboo.

Í dag eru Taboo, Apl.de.ap og Will.i.am eitt frægasta tríó heims og þar er Will.i.am fremstur í flokki. Söngkonan Fergie gekk til liðs við hljómsveitina árið 2003 en síðast vann hljómsveitin með henni árið 2016.

Með slögurum á borð við Where is the Love, Shut up, My Humps og öðrum sprengjum hefur Black Eyed Peas farið sigurför um heiminn og virðist ekki vera búin að klára þá ferð. Secret Solstice er fjórði tónleikastaður hljómsveitarinnar í heimstúrnum Masters of the Sun vol. 1, næst heldur hljómsveitin til Moskvu í Rússlandi.

### Gagnrýna bandarískt samfélag

Platan Masters of the Sun vol. 1 kom út í fyrra. Hún fjallar um pólitísk málefni og er innblásin af samnefndri bók sem Marvel gaf út. Félagslegar aðstæður í Bandaríkjunum eru teknar fyrir og vaxandi ókyrrð í bandarísku samfélagi. Þetta er fyrsta platan sem hljómsveitin gefur út í átta ár, og fyrsta platan síðan 2003 eftir að söngkonan Fergie kom og fór úr hljómsveitinni.

Það má segja að með plötunni fari Black Eyed Peas frá danspopptónlistarstílnum eins og í lögunum á hinum sívinsælu plötum The E.N.D. og The beginning og aftur til hipphopp-stíls af gamla skólanum sem einkenndi tónlist hljómsveitarinnar í byrjun ferilsins. Platan hefur fengið ágætar viðtökur og má væntanlega heyra lög af henni á Secret Solstice, þótt aðdáendur búist að sjálfsögðu við að heyra gömlu lögin líka.

### Nýjasta lagið Be Nice

Þann 4. júní gaf hljómsveitin út útgáfu af laginu Be Nice og tónlistarmyndband við, ásamt rapparanum Snoop Dogg. Lagið var upprunalega samið af tónlistarmanninum Adam Friedman sem keppti í Songland, eða Sönglandi, bandarískri sjónvarpskeppni lagahöfunda sem gengur út á að keppast um tækifærið til að fá fræga tónlistarmenn til að gefa út lag eftir sig.

Tónlistarmyndband Black Eyed Peas og Snoop Dogg við lagið er tekið upp í rúlluskautahöll og er í skærum retró litum. Síðan er notað frekar lélegt „green screen“ sem er kannski sambærilegt notkun á polaroid-filmu þrátt fyrir léleg gæði og gefur myndbandinu nostalgískan blæ. Undirspilið er einfaldur bassataktur og trommusláttur.

Black Eyed Peas spilar á laugardeginum á hátíðinni og má búast við látum og brjálæðri stemmingu.



Hljómsveitin er dugleg að styrkja góð málefni og hefur meðal annars opnað skóla í New York og safnað miklu fé.

**Meðlimir**

| | |
|---|---|
| Will.i.am | 1995– |
| Apl.de.ap | 1995– |
| Taboo | 1995– |
| Jessica Reynoso | 2018– |

**Fyrrverandi meðlimir**

| | |
|---|---|
| Kim Hill | 1995–2000 |
| Dante Santiago | 1995 |
| Sierra Swan | 1998–2000 |
| Fergie | 2002–2016 |

**Plötur**

| | |
|---|---|
| Behind the Front | 1998 |
| Bridging the Gap | 2000 |
| Elephunk | 2003 |
| Monkey Business | 2005 |
| The E.N.D. | 2009 |
| The Beginning | 2010 |
| Masters of the Sun Vol. 1 | 2018 |



Á blaðamannafundi fyrir Superbowl 2010 sagði will.i.am að hægt væri að rekja sögu hljómsveitarinnar til ársins 1988 þegar hann, og apl.de.ap hittust og byrjuðu að rappa saman um Los Angeles.



Fergie kom svo á Elephunk plötuna árið 2003 en fyrst átti Nicole Scherzinger að syngja raddir Fergie. Platan sló í gegn svo um munaði.




SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



WRISTBAND
MAIN GATE
MERCH & CUSTOMISE
SIDE EVENTS PICKUP POINT
TAXI
ASKUR
ASGARD VENDORS
- Bæjarins Beztu Pylsur
- Dillon Coffee
- Fjalnir Tattoo
- Krua Mai Thai
- Lobster Hut
- Rvk Chips
- Tacoson
- The Truck Stop
- Vöffluvagninn
ASGARD VENDORS
DODGE 'EMS
VALHALLA
WALTZERS
ÓDINN
VIP
BUNGEE
THORSGATA VENDORS
THORSGATA VENDORS
- Dominos Pizza
- Glitter Bar
- Gryfjan
- Hamborgarabúllan
- Icelandic Mini Market
- Norom
- Spuutnik
SILENT DISCO
GIMLI
BIFROST VENDORS
BIFROST VENDORS
- Issi Fish & Chips
- TASTY
FENRIR
HELIX7
KIDS AREA

# Uppáhald rapparans

Sugarhill Gang er hvalreki fyrir alla hip hop-aðdáendur sem hafa dillað sér og dansað við súpersmellinn Rapper's Delight sem eldist endalaust vel og hreif heimsbyggðina með sér fyrir fjörutíu árum með yfir átta milljón plötur í sölu. Það var fyrsta rapplagið sem komst á Billboard Top 40-listann vestanhafs og hefur allar götur síðan verið notað til yndisauka og upptakts í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Sugarhill Gang heldur nú upp á fertugsafmæli Rapper's Delight með tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin og segir það blessun að geta enn flutt lagið og orðið vitni að urmul manna og kvenna, kynslóð eftir kynslóð, syngja hástöfum með og dansa frá sér allt vit. Lagið sé vitnisburður um víðtæk völd hip hop-senunnar í heimi tísku, kvikmynda, sjónvarps og víðar.

Sugarhill Gang kemur fram á Secret Solstice með goðsögnunum Grandmaster Melle Mel og Scorpio úr Furious 5 sem myndað hafa sjóðheita súpergrúppu sem vinnur þessa dagana að nýjum lögum og túrar um heiminn, meðal annars til Íslands. Þeir segjast blessaðir að geta enn unnið við það sem þeir elska og með því haldið áfram að skapa hip hop-söguna.



The Sugarhill Gang með Grandmaster Melle Mel og Scorpio úr Furious 5.



Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Smá rokk og ról

Fjölmargir íslenskir listamenn eru meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni og eru rokkarar og rólarar engin undantekning. Bæði The Vintage Caravan og Sólstafir telja í og slá taktinn eins og þeim einum er lagið.

Bæði böndin eru þekkt fyrir ægilega sviðsframkomu og bíða aðdáendur þeirra hér á landi eftir að fá að slá hárinu í takt við tónlist þeirra.

Sólstafir spilaði í Mosfellsbæ á Ascension MMXIX hátíðinni þar sem sveitin spilaði Köld í heild sinni og þótti framúrskarandi sem fyrr. Bæði böndin spila á Gimlisviðinu. Vintage Caravan hleður í sína sýningu klukkan 17.30 á föstudag og Sólstafir á laugardag og byrja um klukkan 21.



Skye og Ross spila aftur undir nafninu Morcheeba. NORDICPHOTOS/GETTY

## Morcheeba snýr aftur

Breska sveitin Morcheeba spilar á aðalsviðinu klukkan 20.30 á sunnudagskvöldinu. Hljómsveitina skipa þau Skye Edwards og Ross Godfrey. Þegar hljómsveitin var stofnuð árið 1995 var bróðir Ross, Paul, einnig meðlimur hljómsveitarinnar en hann yfirgaf hana árið 2014.

Þekktasta lag sveitarinnar er án efa lagið Rome Wasn't Built in a Day frá árinu 2000. Lagið má finna á þriðju breiðskífu sveitarinnar Fragments of Freedom. Lagið náði hæst 34. sæti á Breska listanum. Lagið sló rækilega í gegn á Nýja-Sjálandi og náði öðru sæti á parlendum vinsældalista.

Nýjasta plata sveitarinnar Blaze Away kom út í júní á síðasta ári og hefur hlotið góðar viðtökur. Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um heiminn undanfarið og komið við á stöðum þar sem hún hefur aldrei spilað áður eins og í Cape Town, Casa Blanca og Tel Avív. Íslenskir aðdáendur ættu ekki að láta sveitina fram hjá sér fara.



Sími: 411 5000
www.itr.is

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI















GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar til sölu



**VOLVO XC V70 TIL SÖLU.**
Volvo V70 station. Árg. 2000. Mjög góður bíll. Vel viðhaldið. Smurbók frá upphafi. Skoðaður. Sjálfskiptur og með dráttarkrók. Fallegur bíll með góða aksturseiginleika og þægileg leðursæti. Góð sumardekk og ný Michelin nagladekk fylgja. Upp. í síma 893 7719 og 698 7563

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólhýsi



**TIL SÖLU LÍTIÐ NOTAÐUR ADRIA 2014**
ADRIA/ALTEA hjólhýsi 2014 TILBÚINN Í FERÐALAGIÐ. Fullt af aukahlutum fylgja. Sk. 2020 Verð 2.600.000 Uppl. 893 9999

### Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

### Varahlutir

Ljósboginn ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljosboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Sláttur, klippingar, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

# Þú ert ráðin/n!

## Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST Ráðningar



**Skoda Octavia**
Nýskráður 5/2015, ekinn 67 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun kr. 25.931 á mánuði



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr. 990.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði.



**Opel Astra Sports Tourer+**
Nýskráður 4/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.590.000
**Tilboð kr. 2.190.000**
Afborgun kr. 28.521 á mánuði



**KIA Carens Lux 7 manna**
Nýskráður 5/2018, ekinn 23 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.190.000**
Afborgun kr. 54.421 á mánuði



**Honda Jazz Comfort**
Nýskráður 12/2017, ekinn 23 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**
Afborgun kr. 29.816 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



og stemningin er góð í hópnum. Við hringjum bjöllu hér innanhúss þegar samningar eru í höfn og síðustu mánuði heyrðist bjölluhljómurinn skemmtilega oft.

Samhliða breyttum áherslum hefur verið ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir sem spara félaginu umtalsverðar fjárhæðir og er nú gert ráð fyrir að EBITDA félagsins verði vel viðunandi í ár. Það er góður árangur sem hefði ekki náðst án samstöðu þessa öfluga hóps starfsfólks félagsins en hagræðingaraðgerðir geta oft verið strembnar.

Það þarf að hafa allar klær úti í rekstri fyrirtækja. Allt telur og í umbreytingunni veltum við við hverjum steini. Við vitum að það er mikið hagræði fólgið í því að útvista tölvukerfum enda erum við sérfræðingar á því sviði en engu að síður yfirsást okkur að útvista mötuneytinu okkar. Það höfum við nú gert. Auk þess erum við að flytja í hentugra húsnæði á sömu lóð,“ segir hún.

### Veltan dróst mikið saman 2017

Árið 2016 veltu Opin kerfi fimm milljörðum króna og högnuðust um 51 milljón króna. Árið eftir dróst veltan saman um einn milljarð og tapið nam 73 milljónum króna. Ragnheiður segir að afkoman í fyrra hafi verið undir væntingum.

„Það verður að viðurkennast að það reyndi á þegar veltan dróst saman um milljarð á milli ára vegna samdráttar í sölu á vélbúnaði, en ástæðan var fyrst og fremst samdráttur í sölu á búnaði til erlends viðskiptavinar. Erfitt er að eiga við svona stórfelldar breytingar á geiranum en þegar litið er í baksýnisspegilinn tókst okkur að halda vel á spöðunum í krefjandi aðstæðum.

Við fjárfestum ríkulega í verkferlum og mannauði á þessum tíma og erum að sigla skipinu í rétta átt. Það ásamt uppbyggingu gagnavers litar afkomuna til skamms tíma en er rétt skref til að þjónusta viðskiptavini betur og treysta undirstöður félagsins til lengri tíma.

Boðleiðir eru stuttar hjá okkur og af þeim sökum getum við verið tiltölulega fljót að breyta áherslum í rekstrinum. Það gerir það líka að verkum að við getum veitt sveigjanlegri þjónustu sem er sérsniðin að okkar viðskiptavinum.

Vinnustaðamenningin hérna er einstök og það er ekki hægt að endurskapa hana svo auðveldlega. Verðmæti félagsins felast í starfsfólkinu en ekki tækjum eða húsbúnaði. Við tölum um OK-fjölskylduna enda ríkir mikil samheldni á meðal starfsfólksins.

Umbreytingin hefur reynt á starfsfólkið en starfsandinn er engu að síður góður, og fer batnandi, sem endurspeglast í því að við mælumst vel í könnunum VR. Við erum þakklát fyrir hvað starfsmenn hafa lagt mikið á sig,“ segir Ragnheiður.

*Hefur starfsfólki fækkað í umbreytingunni?*

„Fjöldi starfsmanna var rúmlega 90 en er núna 75,“ segir hún.

### Juku hlutafé um 150 milljónir

Eigið fé Opinna kerfa árið 2017 var 91 milljón króna og eiginfjárhlutfallið var sex prósent. „Núverandi hluthafar fyrirtækisins juku hlutafé um 150 milljónir króna síðastliðið haust. Við það hækkaði eiginfjárhlutfallið í um 20 prósent. Hluthafar hafa mikla trú á vegferðinni sem við erum á og styðja við hana með afgerandi hætti,“ segir Ragnheiður og vekur athygli á að fyrirtækið eignfæri ekki hluta af launakostnaði, sem tengist vöruþróun, þrátt fyrir að slíkt sé heimilt. Hefði það verið gert væri eiginfjárhlutfallið enn hærra.

Stærsti hluthafi Opinna kerfa er Frosti Bergsson með 76 prósenta hlut en fjöldi starfsmanna á það sem eftir stendur. Ragnheiður er einnig hluthafi, eins og flestir lykilstarfsmenn.

Frosti var einn af stofnendum Opinna kerfa árið 1984 sem hét upphaflega HP á Íslandi og var rekið sem dótturfélag Hewlett-Packard frá Danmörku. Þegar Danirnir seldu hlut sinn árið 1995 var nafninu breytt í Opin kerfi og árið 1997 var félagið skráð í Kauphöll Íslands. Kögun keypti fyrirtækið árið 2004 en Frosti keypti það aftur árið 2007 af Teymi, sem meðal annars átti Vodafone á þeim tíma.

*Er erfitt að ráða tæknifólk um þessar mundir?*

„Það hefur verið nokkuð krefjandi síðustu árin en hefur breyst mikið á síðustu mánuðum og nú er meira framboð af flottu fólki. Nokkur stórfyrirtæki með öflugar tölvu- og tæknideildir hafa lagt upp laupana eða flutt úr landi upp á síðkastið. Við státum okkur annars af besta tæknifólki landsins, og það er afar eftirsótt. Stærri upplýsingatæknifyrirtæki líta málið sömu augum því þau hafa ráðið okkur sem ráðgjafa vegna sérþekkingar okkar.“

*Þú varst ráðin forstjóri í mars eftir að hafa gegnt stöðu fjármálastjóra. Sóttir þú um starfið?*

„Nei, ég gerði það nú ekki. Stjórn félagsins bað mig um að taka við keflinu. Þetta er stórt tækifæri og ég er spennt fyrir því að gegna þessu starfi enda hef ég sterkar skoðanir á áherslum félagsins og því hvernig haga eigi rekstrinum.

Það er mikilvægt að leggja höfuðáherslu á grunnreksturinn samhliða því að leita að öðrum tækifærum.“

### Gagnaver skapar tækifæri erlendis

*Af hverju fóru þið út í að reisa gagnaver á Korputorgi í Reykjavík í samstarfi við aðra?*

„Okkur bauðst að opna gagnaver í samstarfi við Vodafone, Reiknistofu bankanna og Korpu. Það felast heilmikil tækifæri í því að reka hátæknigagnaver í Reykjavík.

Ef við viljum láta til okkar taka á alþjóðlegum markaði og bjóða viðskiptavinum að nota öflugar tölvur sem ráða yfir mestu vinnslugetu sem til er á hverjum tíma verðum við að reka eigið gagnaver.

Reiknistofa bankanna mun flytja þangað allan sinn gagnarekstur í vetur.

Við lítum út fyrir landsteinana eftir viðskiptavinum því markaðurinn hérlendis fyrir svona mikla reiknigetu verður fljótt mettaður, það eru ekki mörg íslensk fyrirtæki sem þurfa á henni að halda.

> **Við lítum út fyrir landsteinana eftir viðskiptavinum því markaðurinn hérlendis fyrir svona mikla reiknigetu verður fljótt mettaður, það eru ekki mörg íslensk fyrirtæki sem þurfa á henni að halda.**

Það eru kjöraðstæður til að reka gagnaver hér á landi. Kælingin er náttúruleg, verð á rafmagni er hagstætt og það er framleitt með umhverfisvænum hætti. Það er erfitt að keppa við það alþjóðlega. Sérstaklega nú þegar umhverfisvernd skipar æ stærri sess í huga fólks.

Gagnaverið okkar mun henta vel fyrirtækjum sem leggja áherslu á uppitíma og öryggi. Þess vegna hentar það betur fyrir aðra starfsemi en til að grafa upp Bitcoin.

Það er gert er ráð fyrir að gagnaverið verði komið í notkun í lok þessa árs. Um er að ræða allt að 10 þúsund fermetra nýbyggingu sem er byggð í áföngum. Fyrsti áfangi mun kosta á annan milljarð. Vonandi getum við fyllt rýmið hratt og þá verður hafist handa við að byggja fasa tvö.“

*Hvernig skiptist eignarhaldið á gagnaverinu?*

„Þrjátíu prósent eru í eigu Opinna kerfa, 30 prósent í eigu Sýnar, 30 prósent eru í eigu Korputorgs og 10 prósent í eigu Reiknistofu bankanna,“ segir Ragnheiður.

*Í ljósi þess að þið eruð að reisa gagnaver og sækið á erlenda markaði, hvernig horfir nettenging Íslands við umheiminn við þér? Þarf að efla hana enn frekar til að laða að erlend fyrirtæki í gagnaverin?*

„Einungis er verið að nýta örlitla prósentu af flutningsgetu sæstrengja Danice og Farice og þeir henta vel fyrir þá markaði sem við erum að sækja á. Helsta ástæðan fyrir nýjum sæstreng væri til að auka flutningsöryggi til og frá Íslandi og væri það vitaskuld til bóta,“ segir Ragnheiður.

## Fjármálaráðgjafi sem settist í stól forstjóra

Ragnheiður er viðskiptafræðingur og með meistaragráðu í hagfræði. „Ég hef unnið við fyrirtækjaráðgjöf frá útskrift þar til fyrir fimm árum þegar ég réði mig sem fjármálastjóra Senu. Bakgrunnur minn er því í ráðgjöf, verðmötum, áreiðanleikakönnunum, viðskiptaáætlunum, úttektum á fyrirtækjum og þess háttar.

Það var mikil reynsla að fara hinum megin við borðið, sinna fjármálastjórn fyrir Orka Energy, nú KS Orka, og einnig taka þátt í þeirri umbreytingu sem varð á rekstri Senu undir forystu Jóns Diðriks Jónssonar,“ segir hún. Sena á meðal annars Smárabíó og átti áður Skífuna. Jón Diðrik rakti það í miðopnuviðtali í Markaðnum í september hvernig afþreyingariðnaðurinn sigldi í gegnum stormviðri sem rekja má til ólöglegs niðurhals og síðar innreiðar Amazon, Netflix og Spotify. Af þeim sökum hafi þurft að endurskipuleggja rekstur Senu þrisvar frá árinu 2009 og viðskiptamódelið verið stokkað upp.

„Þessi tími hjá Senu kenndi mér hve hollt það er þegar rýnt er í rekstur fyrirtækja, að spyrja hvernig best væri að standa að málum ef byrjað væri frá grunni í dag. Í rekstri rótgróinna fyrirtækja eimir oft eftir af arfleifð frá gömlum tímum sem stenst ekki lengur tímans tönn og þá þarf að hafa kjark til að ýta þeim þáttum til hliðar.

> **Í rekstri rótgróinna fyrirtækja eimir oft eftir af arfleifð frá gömlum tímum sem stenst ekki lengur tímans tönn og þá þarf að hafa kjark til að ýta þeim þáttum til hliðar.**

Eftir mikið umbreytingarstarf og sölu eininga var rekstur Senu kominn á beina braut og ég fór að leita að nýjum áskorunum. Ég réði mig sem fjármálastjóra hjá Opnum kerfum árið 2016 og þremur árum seinna gegni ég nú stöðu forstjóra,“ segir Ragnheiður.

„Bakgrunnur minn sem ráðgjafi stjórnenda fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum í gegnum árin og sem fjármálastjóri hefur undirbúið mig vel fyrir að greina og leggja til breytingar á rekstri fyrirtækja á umbreytingartímum. Ég hlakka til að vinna áfram með öflugum hópi starfsfólks félagsins því félagið er í dag vel staðsett til að grípa tækifærin sem framtíðin ber í skauti sér.“




# Mikilvægt að horfa út fyrir kassann

## Svipmynd
**Soffía Sigurgeirsdóttir**

**Störf:**
Soffía Sigurgeirsdóttir er ráðgjafi hjá KOM ráðgjöf. Áður en hún gekk til liðs við KOM í janúar 2015 starfaði hún sem framkvæmdastýra Landsnefndar UN Women á Íslandi og situr hún þar í stjórn. Þar á undan starfaði hún sem sjálfstæður ráðgjafi fyrir alþjóðleg fyrirtæki á sviði samfélagsábyrgðar og almannatengsla og í stjórnmálum. Soffía starfaði í 10 ár í fjármálageiranum sem sérfræðingur í almannatengslum og samfélagsábyrgð hjá Landsbankanum, sem framkvæmdastjóri fjárfestatengsla og markaðsmála hjá Spron og sem forstöðumaður markaðsmála hjá Sambandi sparisjóða.

**Menntun:**
Soffía er með M.Sc. í alþjóðasamskiptum frá London School of Economics og B.A. í sálarfræði frá Háskóla Íslands. Hún er með vottun frá Global Reporting Initiative (GRI) í skýrslugerð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

**Fjölskylduhagir:**
Gift Bergi Rósinkranz hagfræðingi, saman eiga þau Sölku, Gabríel Sölva, Úlf Geir og Loka Gunnar.


Soffía segir að kröfur aldamótakynslóðarinnar séu mun meiri á að fyrirtæki axli ábyrgð í umhverfismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

*Hvernig er morgunrútínan þín?*
Það gefst lítill tími fyrir rólegheit á morgnana. Ég vakna ca 7.30 og byrja yfirleitt á því að vekja strákana mína og gera þá klára fyrir skólann, síðan tékka ég á tölvupóstinum og helstu fréttum. Ég stoppa iðulega á Kaffitári í Borgartúni til að ná mér í gott kaffi og croissant áður en ég mæti á skrifstofuna.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*
Fjallamennska og alls konar útivist með vinum og fjölskyldu er það skemmtilegasta sem ég geri. Ég elska að vera á fjöllum, hlaupandi, hjólandi, gangandi eða á göngu- eða fjallaskíðum. Fjöllin hafa yfir einhverjum töfrum að búa og þar næ ég í ótæmandi orku og gleði. Bestu fríin erlendis eru skíðaferðir með manninum mínum, börnum og vinum. Ég er alin upp í íþróttum og finnst skemmtilegt að taka þátt í mótum. Þá skiptir öllu máli að eiga skemmtilega æfingafélaga, það er nauðsynlegt að hlæja þegar maður er að æfa þolið og styrkinn. Líkt og þegar ég og vinkona mín Karen Kjartansdóttir hlupum hálft maraþon í síðustu viku í leit að símanum mínum. Við erum nokkrar vinkonur sem æfum saman, ég, Karen, Þórey Vilhjálms, Birna Braga og Anna Kristín Kristjáns. Við erum líka í frábærum útivistarhópi, FÍ Landkönnuðum, sem er leiddur af Brynhildi Ólafsdóttur og Róberti Marshall, þau eru þaulreynd í útivistinni. Það er ómetanlegt að hafa aðgengi að þeirra þekkingu og reynslu. Við erum búin að gera frábæra hluti saman, fara í langar jökla- og fjallgöngur, fórum einmitt um síðustu helgi á Kirkjufellið í bongóblíðu. Fjallið er krefjandi og því nauðsynlegt að fara upp í réttum búnaði og með leiðsögn. Ég er að æfa mig fyrir Urriðavatnssundið og Jökulsárhlaupið þannig að núna er ég mikið að hlaupa og synda.

> **Þeir stjórnendur sem gera sér ekki grein fyrir mikilvægi umhverfismála og tækninnar verða á eftir í samkeppni.**

*Hvaða bók ert þú að lesa eða last síðast?*
Mér finnst skemmtilegast að lesa sagnfræðilegar bækur, hvort sem það eru skáldsögur eða ævisögur. Ég er búin að vera að lesa bækur Elenu Ferrante. Áður las ég Hornauga eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur sem mér fannst mjög góð og hugrökk saga. Áður las ég Næturgalann eftir Kristin Hannah sem er frábær bók.

*Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?*
Það er sagt að hamingjan komi á undan velgengninni, ég reyni að hafa það að leiðarljósi í lífinu. Ef maður ræktar sjálfan sig og er hamingjusamur þá eru meiri líkur á því að manni miði vel í starfi og áfram á atvinnumarkaði. Ég ætla að halda áfram að njóta lífsins og náttúrunnar með fjölskyldunni minni og vinum, hér á landi og erlendis. Ég verð pottþétt að gera einhverja ótrúlega skemmtilega hluti, það er nóg eftir á bucket-listanum mínum.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*
Í starfi mínu sem ráðgjafi starfa ég á sviði samfélagsábyrgðar, breytingastjórnunar og almannatengsla fyrir alþjóðleg og innlend fyrirtæki og félagasamtök. Sem ráðgjafi finnst mér mikilvægt að samtvinna samfélagsábyrgð og almannatengsl. Almannatengsl snúast um að koma skilaboðum markvisst á framfæri til hagsmunaaðila til að hafa jákvæð áhrif á vörumerki og viðskiptatengsl og lágmarka hættu á áföllum. Því betri sem áhættustýring er í starfsemi fyrirtækja því minni líkur eru á áföllum.

Þegar fyrirtæki fylgja eftir stefnu í samfélagsábyrgð eru þau að fylgja eftir aðferðafræði sem byggir á gæðastjórnun. Fyrirtækin hafa kortlagt áhrif starfseminnar á efnahag, umhverfi og samfélag og sett sér mælanleg markmið til að gera betur í þessum málaflokkum. Markmiðið er að lágmarka umhverfisáhrifin með því að innleiða mótvægisaðgerðir og stýra virðiskeðjunni á ábyrgan hátt í starfseminni. Enn fremur er markmiðið að hafa jákvæð áhrif á samfélagið, framfylgja góðum stjórnarháttum, efla jafnrétti og auka gegnsæi. Á þennan hátt geta fyrirtæki eflt samkeppnishæfni sína á markaði.

Á þessari vegferð þurfa fyrirtæki að horfa út fyrir kassann sem kallar á nýsköpun og þróun sem aftur hefur jákvæð áhrif á arðsemi fyrirtækja til lengri tíma. Samkvæmt Harvard Business Review er arðsemi samfélagslega ábyrgra fyrirtækja 25% - 50% meiri. Kröfur aldamótakynslóðarinnar eru mun meiri á að fyrirtæki axli ábyrgð í umhverfismálum og er umhverfisvitundarvakningin knúin áfram af þessum hópi. Ungir neytendur og ungir starfsmenn gera einnig kröfur um að fyrirtæki hafi almennt jákvæð áhrif á samfélagið, stuðli að auknu jafnrétti og gegnsæi og gefi sér sem neytendum og starfsmönnum tækifæri til að láta gott af sér leiða. Þau eru einnig meðvituð um áhrif sín á vörumerki með skilaboðum á samfélagsmiðlum.

Enn fremur eiga sér stað miklar og hraðar umbreytingar vegna sjálfvirknivæðingar á markaði sem er áskorun fyrir alla stjórnendur. Það er margt sem snýr að snjallvæðingunni, meðal annars auknar líkur á net- og öryggisbrestum, sem getur haft mjög neikvæð áhrif og skaðað orðspor fyrirtækja mikið. Í mínu starfi þá vinn ég með stjórnendum við að kortleggja mögulega bresti og undirbý þá til að takast á við þá ásamt tæknimönnum á skilvirkan og hraðan hátt. Þeir stjórnendur fyrirtækja sem gera sér ekki grein fyrir mikilvægi umhverfismála og tækninnar verða á eftir í samkeppninni.

*Hefur ráðgjafastarfið breyst undanfarin ár?*
Fyrir einhverjum árum síðan þá þurfti maður að sannfæra stjórnendur um mikilvægi umhverfis- og jafnréttismála. Þetta voru álitin mjúk mál en sem betur fer er það ekki þannig í dag, enda sýna rannsóknir fram á forskot fyrirtækja sem sinna samfélagsábyrgð vel og eru með blandaðar stjórnir og stjórnendur. Stjórnendur í dag gera sér flestir grein fyrir því að stóru hnattrænu vandamálin, hlýnun jarðar, súrnun sjávar, hækkun sjávarborðs, aukinn fólksfjöldi eru vandamál okkar allra. Nú er ég að vinna með stjórnendum í því að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sína. Þetta er virkilega ánægjuleg þróun. En sem ráðgjafi ertu alltaf markvisst að vinna að minni áfangasigrum sem færir þig nær stærri sigrunum. Skýr stefna og mælanleg markmið koma þér fyrr á þann stað.

## ISI ræður Kviku og Lex fyrir skráningu á aðalmarkað


**Bjarni Ármannsson, forstjóri ISI.**

Íslenska sjávarútvegsfyrirtækið Iceland Seafood International (ISI) hefur ráðið Kviku banka og lögmannsstofuna Lex sem ráðgjafa í tengslum við skráningu fyrirtækisins á aðalmarkað Kauphallarinnar.

Þetta kom fram í kynningu Bjarna Ármannssonar, forstjóra ISI, á aðalfundi félagsins í síðustu viku en hann tók við forstjórastarfinu í byrjun árs. Stjórn ISI ákvað í lok síðasta árs að hefja undirbúning að skráningu á aðalmarkað Kauphallar Íslands árið 2019 en það hefur verið skráð á First North markað síðan maí árið 2016.

Þá kemur fram í kynningunni að félagið stefni á að greiða árlega 20 til 40 prósent af hagnaði í arð til hluthafa og að stefnt verði að því að eiginfjárhlutfallið verði um 35 prósent innan þriggja ára.

ISI hagnaðist um 5,8 milljónir evra á síðasta ári samanborið við 2,7 milljónir á árinu 2017. Sala félagsins nam 346 milljónum og jókst um 39 prósent frá fyrra ári. Á árinu keypti ISI tvö félög, Oceanpath og Icelandic Iberica. **– tfh**

## Kortaþjónustan tapaði nærri 250 milljónum

**1.180**
**milljónir var eigið fé Kortaþjónustunnar í árslok 2018.**


**Jakob Ásmundsson.**

Tap af rekstri Kortaþjónustunnar, sem er að stærstum hluta í eigu Kviku banka, nam rúmlega 247 milljónum króna í fyrra borið saman við tap upp á 1.600 milljónir króna árið áður. Þetta kemur fram í samantekt Fjármálaeftirlitsins á ársreikningum allra fjármálafyrirtækja á árinu 2018.

Eigið fé færsluhirðingarfyrirtækisins í árslok 2018 nam tæplega 1.180 milljónum króna en heildareignir Kortaþjónustunnar voru samtals um 6.200 milljónir króna.

Í desember á síðasta ári, eins og upplýst var um í Markaðinum, var samþykkt á hluthafafundi félagsins að hækka hlutaféð um allt að 1.050 milljónir króna. Þar af greiddi Kvika banki tæplega 664 milljónir króna með því að breyta kröfum sínum á hendur Kortaþjónustunni, á grundvelli fimm skuldabréfa, í hlutafé.

Aðrir fjárfestar sem tóku þátt í hlutafjáraukningunni voru Jakob Ásmundsson, sem var á sama tíma ráðinn nýr forstjóri Kortaþjónustunnar, en hann lagði félaginu til um 80 milljónir í nýtt hlutafé. Aðrir þátttakendur voru meðal annars eldri hluthafar fyrirtækisins og fjárfestingafélagið Bull Hill Capital, sem er að mestu í eigu Aðalsteins Jóhannssonar, forstjóra Beringer Finance, svo dæmi séu nefnd.

Kortaþjónustan stóð sem kunnugt er frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda í kjölfar greiðslustöðvunar breska flugfélagsins Monarch haustið 2017. Íslenska félagið var á meðal átta félaga sem sáu um færsluhirðingu fyrir Monarch. Í kjölfarið keyptu Kvika og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna á eina krónu og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. **– hae**

# Beðið eftir Samkeppniseftirlitinu



**Helga Melkorka Óttarsdóttir**



**Halldór Brynjar Halldórsson**

lögmenn og eigendur á LOGOS.

> **Afleiðing þessarar lagabreytingar var því sú að sú réttarvernd sem ákvæðum stjórnsýslulaga er ætlað að tryggja hefur í raun takmarkaða eða enga þýðingu við meðferð samrunamála.**

Samkeppniseftirlitinu eru fengnar víðtækar heimildir með lögum. Ein af þeim veigameiri er heimildin til að ógilda samruna eða setja þeim skilyrði, eftir því sem ástæða þykir til. Vart þarf að fjölyrða um hversu íþyngjandi beiting þeirrar heimildar getur verið, enda hafa aðilar þá eytt miklum tíma og fjármunum í verkefnið sem ekki getur gengið í gegn. Þá eru fyrirtæki oftast í ákveðinni biðstöðu á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um samruna.

Af þessum sökum kveða samkeppnislög á um tímafresti við meðferð samrunamála. Deila má um hvort þeir kunni að teljast óþarflega rúmir, en samrunamál geta verið allt að 115 daga í meðferð, sem er um hálft ár. Eðli málsins samkvæmt tekur lengri tíma að rannsaka flókna og stóra samruna en heppilegt væri ef minni samrunar væru að jafnaði afgreiddir á skemmri tíma. Því lengri málsmeðferðartími, því skaðlegra atvinnulífinu.

## Reglur um málsmeðferð og réttarvernd

Í stjórnsýslulögum er kveðið á um tilteknar formreglur sem stjórnvöldum ber að gæta við meðferð mála. Er Samkeppniseftirlitið bundið af þeim lögum líkt og önnur stjórnvöld. Var tilgangur laganna á sínum tíma að kveða á um ákveðin grunnréttindi, til verndar borgurum og fyrirtækjum í landinu.

Meðal þessara reglna eru ákvæði um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál séu ávallt nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Að aðilum máls sé gefinn kostur á að tjá sig um efni þess áður en ákvörðun er tekin, að stjórnvald skuli veita leiðbeiningar eftir föngum o.fl. Allar bera þær að sama brunni, að vernda grundvallarréttindi borgaranna.

Taki Samkeppniseftirlitið ákvörðun um að ógilda samruna er heimilt að kæra þá ákvörðun til æðra stjórnvalds, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Er raunar sérstaklega kveðið á um það í lögunum að óheimilt sé að bera mál undir dómstóla án þess að kæru sé fyrst beint til áfrýjunarnefndar.

Í samkeppnislögum er kveðið á um að úrskurðir áfrýjunarnefndar skuli liggja fyrir innan 6 vikna frá kæru. Í reynd er hins vegar málsmeðferðartíminn talsvert lengri, oft um 3 mánuðir. Að gættum 4 vikna kærufresti geta þannig liðið 10 mánuðir frá því að tilkynnt er um samruna þar til úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

## Hvað gerist ef reglum er ekki fylgt?

Fylgi Samkeppniseftirlitið ekki málsmeðferðarreglum og brjóti þannig gegn réttindum þeirra fyrirtækja sem til rannsóknar eru við meðferð samrunamála, mætti almennt ætla að fyrirtæki byggðu á því fyrir áfrýjunarnefnd og krefðust ógildingar á ákvörðuninni af þeim sökum. Til dæmis hafi rannsókn málsins verið ófullnægjandi, eða andmælaréttur ekki virtur.

Sú er hins vegar ekki raunin. Jafnvel þó fyrirtæki telji að Samkeppniseftirlitið hafi við meðferð samrunamáls brotið gróflega gegn þeim lágmarksréttindum sem stjórnsýslulög tryggja þeim, er ekki alltaf byggt á því fyrir áfrýjunarnefnd.

Þetta kann að koma spánskt fyrir sjónir, en ástæðan er sú að með lagabreytingu á árinu 2008 var bætt við nýrri 17. gr. e. við samkeppnislögin. Sú grein kveður á um að ef áfrýjunarnefnd fellir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi vegna „formgalla á málsmeðferð“ sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að taka ákvörðun í málinu að nýju, þó innan 30 daga.

Þannig mætti ímynda sér þær aðstæður að Samkeppniseftirlitið rannsaki samruna og taki ákvörðum um ógildingu hans eftir tæpa 6 mánuði. Við rannsóknina hafi verið brotið alvarlega gegn réttindum viðkomandi fyrirtækis, og fyrirtækið kærði hana innan 4 vikna til áfrýjunarnefndar. Áfrýjunarnefnd tæki undir það, teldi t.d. rannsókn málsins verulega ófullnægjandi og ógilti ákvörðunina eftir um 3 mánuði.

Þá stæði viðkomandi fyrirtæki uppi, 10 mánuðum frá samrunatilkynningu, í þeim sporum að Samkeppniseftirlitið gæti tekið nýja ákvörðun. Stofnunin bætti úr þeim annmörkum sem verið hefðu á rannsókninni, og ógilti samrunann að nýju. Fyrirtækið væri því komið aftur á upphafsreit, 10 mánuðum síðar.

## Tíminn getur skipt sköpum

Allir sem kynnst hafa fyrirtækjarekstri vita að öll óvissa hefur slæm áhrif á rekstur fyrirtækja. Að standa aftur á byrjunarreit með samrunatilkynningu 10 mánuðum eftir upphaflega tilkynningu kemur í fæstum tilvikum til greina. Slík langvarandi óvissa er einfaldlega í flestum tilvikum of mikil og ekki þess virði.

Af þessu leiðir að fyrirtæki telja það oft ekki þjóna hagsmunum sínum að byggja á því í kæru til áfrýjunarnefndar að brotið hafi verið gegn réttindum þeirra, jafnvel þó þau telji að svo hafi verið það jafnvel gróflega. Það þjónar einfaldlega engum tilgangi.

Afleiðing þessarar lagabreytingar var því sú að sú réttarvernd sem ákvæðum stjórnsýslulaga er ætlað að tryggja hefur í raun takmarkaða eða enga þýðingu við meðferð samrunamála. Það getur vart verið viðunandi réttarástand.

Að einhverju leyti má skilja tilgang breytingarinnar, að skaðlegir samrunar fari ekki í gegn vegna einhvers smávægilegs formgalla. En hvort vegur þyngra, þeir hagsmunir eða hagsmunir fyrirtækja í landinu af því að þeim séu við meðferð samrunamála tryggð þau lágmarksréttindi sem stjórnsýslulögum er ætlað að tryggja? Greinarhöfundar hallast að því síðarnefnda og að breytinguna beri að taka til baka.



VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI:

ÚTBOÐ Á **AÐSTÖÐU FYRIR RAFTÆKJAVERSLUN**

**Staðsetningar:** 1. og 2. hæð í norðurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

**Samningstími:** Þrjú ár með möguleika á tveggja ára framlengingu (3+1+1)

Isavia leitar að reynslumiklum aðila til að reka raftækjaverslanir í flugstöðinni.

Um er að ræða tvær verslanir; annars vegar á verslunarsvæði á 2. hæð í brottfararsal og hins vegar komuverslun á 1. hæð í töskusal með mögulegum breytingum á samningstíma.

Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu sem er aðgengileg á útboðsvef Isavia.

FREKARI UPPLÝSINGAR
ISAVIA.IS/RAFTAEKJAVERSLUN

isavia

# Skotsilfur

## Fúsk



Síðasta fimmtudag var umsækjendum um embætti seðlabankastjóra gerð grein fyrir drögum að niðurstöðu sérstakrar hæfisnefndar um hæfi þeirra til að taka að sér starfið. Viðbúið var að sú vinna myndi ekki standa undir eðlilegum kröfum um vönduð vinnubrögð. Í greinargerð nefndarinnar er tæpast að finna rökstuðning fyrir því hvernig hún kýs að flokka umsækjendur. Engu máli virðist þannig skipta að **Arnór Sighvatsson**, einn þeirra umsækjenda sem eru metnir mjög vel hæfir, sé á meðal stjórnenda Seðlabankans sem stærsta útflutningsfyrirtæki landsins kærði fyrir skemmstu vegna meintra brota í starfi til lögreglu. Útilokað er fyrir forystumenn ríkisstjórnarinnar að byggja á niðurstöðum nefndarinnar við val á næsta seðlabankastjóra.

## Áfram fækkun



Sem kunnugt er fækkaði gestum Bláa lónsins í apríl miðað við sama mánuð í fyrra en það var í fyrsta skipti í mörg ár sem ferðaþjónusturisinn fær færri gesti til sín en árið á undan. **Grímur Sæmundsen** forstjóri sagðist þó bjartsýnn á sumarið. Staðan mun þó ekki hafa batnað síðan í apríl. Bláa lónið líður meira fyrir fall WOW air en mörg önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu vegna þess hve margir tengifarþegar hafa lagt leið sína í lónið. Isavia spáir hins vegar helmingsfækkun tengifarþega á árinu.

## Frystur í ár



**Pawel Bartoszek** var á tímabili einn helsti talsmaður frjálshyggju landsins. Hann var til í að taka slaginn og skrifaði af miklum móð. Eftir að hann gekk í Viðreisn, var kosinn borgarfulltrúi og samið var við vinstri vænginn um meirihlutasamstarf hefur hann átt erfitt uppdráttar. Fátt minnir á gamla góða Pawel. Honum er vorkunn enda þrautin þyngri að sætta sjónarmið í slíku samstarfi. Nú hefur Pawel verið kjörinn forseti borgarstjórnar og mun hægrimaðurinn þurfa að halda sér til hlés í eitt ár.

## Samfélagsmiðillinn Facebook gefur út sína eigin rafmynt



Samfélagsmiðillinn Facebook tilkynnti í gær um útgáfu rafmyntarinnar Libra sem byggir á bálkakeðjutækni eins og Bitcoin. Rafmyntin mun gera notendum hennar kleift að kaupa vörur eða þjónustu innan Facebook-samstæðunnar en undir hana falla einnig Messenger, Instagram og WhatsApp. Hægt verður að millifæra Libra á milli einstaklinga. Önnur tæknifyrirtæki eins og Paypal og Uber taka einnig þátt í verkefninu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Að milda niðursveifluna



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Þótt veðrið hafi leikið við okkur landsmenn síðustu vikurnar hafa efnahagslegir hagvísar leikið okkur grátt. Hagvöxtur í ár verður í besta falli enginn og líklega ekki mikið skárri á árinu 2020. Verkefnið fram undan er að milda niðursveifluna. Seðlabankinn hefur nú þegar brugðist við með lækkun stýrivaxta í lok maímánaðar og frekari vaxtalækkana er að vænta, að öðru óbreyttu. Í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar stendur orðrétt: „Svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum er einnig töluvert, sérstaklega ef fer sem horfir og verðbólga og verðbólguvæntingar haldast við verðbólgumarkmið.“

Stjórnvöld standa nú í ströngu við að endurskoða fjármálastefnuna vegna breyttra efnahagshorfa. Viðbrögð stjórnvalda við minnkandi tekjuvexti mega ekki leiða til þess að niðursveiflan verði dýpri en ella. Í síðustu niðursveiflu voru skattar hækkaðir og opinberum framkvæmdum frestað. Það blasir við að viðbrögð nú geta ekki verið af sama meiði. Góðu fréttirnar eru þó þær að lágar opinberar skuldir og jafnvægi á opinberum rekstri geri stjórnvöld betur í stakk búin til að bregðast við breyttum efnahagshorfum. Á næstu árum þarf að forgangsraða þannig að fjármálastefnan styðji við samkeppnishæfni atvinnulífsins – það er best gert með því að lækka skatta og auka fjárfestingu.

### Lækka skatta hraðar og meira

Áherslur í opinberum rekstri eiga fyrst og fremst að snúa að réttri forgangsröðun, skilvirkni í opinberum rekstri og hagræðingu. Dæmi um góða forgangsröðun stjórnvalda á síðustu árum er áhersla þeirra á niðurgreiðslu skulda. Lítil skuldsetning minnkar áhættu og losar um fjármagn þar sem hún dregur úr vaxtakostnaði. Í því samhengi má nefna að vaxtakostnaður ríkissjóðs er í dag um 1 prósent af landsframleiðslu en var fimm sinnum hærri fyrir tíu árum, eða ríflega 5 prósent.

Viðbrögð stjórnvalda á árunum 2009-2011 voru að hækka skatta; tryggingagjaldið, tekjuskattur, veiðigjaldið og fjármagntekjuskattur eru hærri í dag en fyrir áratug. Einnig var nýjum sköttum bætt við; bankaskattur, sérstakur og almennur fjársýsluskattur, gistináttaskattur og kolefnisgjald eru dæmi um slíka skatta. Skattahækkanir og nýir skattar skila ríkissjóði nú ríflega 115 milljörðum í viðbótartekjur á ári hverju. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi fyrirtækja með því að skapa aukið rými til að lækka skatta hraðar og meira. Það gerist ekki nema með breyttum áherslum í opinberum rekstri. Skattalækkanir eru dæmi um mikilvæga forgangsröðun í niðursveiflu.

### Frekari fjárfesting innviða er nauðsynleg

Nú þegar hægir á vexti hagkerfisins er heppilegur tími fyrir hið opinbera til að ráðast í fjárfestingar. Stjórnvöld boða aukna fjárfestingu í innviðum sem er jákvætt en meira þarf þó að koma til. Á árunum 1998-2008 voru fjárfestingar hins opinbera að meðaltali 4,6 prósent af landsframleiðslu á ári, en á síðustu tíu árum hafa þær verið rúmlega 3 prósent. Miðað við óbreytt áform stjórnvalda verða opinberar framkvæmdir að meðaltali 3,4 prósent fram til ársins 2024. Ónæg fjárfesting hefur skapað mikla uppsafnaða fjárfestingarþörf sem vinna þarf hraðar upp.

Stjórnvöld geta horft til ólíkra leiða til að fjármagna frekari uppbyggingu innviða. Hin svokallaða „samvinnuleið“ einkaaðila og hins opinbera (e. public-private partnership) er dæmi um slíka leið. Góð reynsla er af slíkri samvinnu hérlendis og má nefna Hvalfjarðargöngin í því samhengi en á síðasta ári voru þau afhent ríkinu skatta hraðar og fjárfesta meira. Ef vel tekst til verður niðursveiflan horfin eins og dögg fyrir sólu áður en langt um líður.

Á tímamótum sem þessum skipta ákvarðanir stjórnvalda og Seðlabankans miklu fyrir efnahagslega framvindu. Seðlabankinn hefur boðað að vextir geti lækkað meira og hraðar ef verðbólga og verðbólguvæntingar haldast við markmið. Ekkert bendir til annars en að vextir verði lækkaðir á næsta vaxtaákvörðunarfundi þann 26. júní næstkomandi. Stjórnvöld geta skapað aukið svigrúm til að lækka skatta hraðar og fjárfesta meira. Ef vel tekst til verður niðursveiflan horfin eins og dögg fyrir sólu áður en langt um líður.

# Koma þarf böndum á Samkeppniseftirlitið

SKOÐUN



Helgi Vífill Júlíusson

Það er næstum því hætt að koma á óvart þegar Samkeppniseftirlitið ógildir samruna fyrirtækja. Upp á síðkastið hefur það gerst harla oft. Stofnunin verður seint sökuð um linkind gagnvart atvinnulífinu.

Upplýst var í gær að Samkeppniseftirlitið bannaði Advania að kaupa Wise. Eftirlitið sagði að markaðshlutdeild fyrirtækjanna á Íslandi í bókhaldskerfum yrði um og yfir helmingur og leist ekki á blikuna.

Stjórnendur Advania töldu, en fyrirtækin eru með viðskiptavini í nokkrum löndum, að með sameiningunni mætti styrkja stöðu þeirra í harðnandi alþjóðlegri samkeppni enda hafi landamæri á upplýsingatæknimarkaði þurrkast út.

Fámennur hópur embættismanna Samkeppniseftirlitsins hefur sett mark sitt á atvinnulíf landsins en lögin sem starfað er eftir þykja matskennd. Embættismennirnir hafa komið í veg fyrir að fyrirtæki, jafnvel úr ólíkum geirum eins og Hagar og Lyfja, fái að sameina krafta sína í því skyni að þjónusta viðskiptavini með betri hætti og hagræða í rekstri. Neytendur tapa á þessum afskiptum og atvinnulífið verður veikara.

Það er algengur misskilningur að æskilegt sé að starfrækja samkeppniseftirlit. Þess gerist ekki þörf. Þegar umsvifamikil fyrirtæki verða dýr í rekstri eða gráðug munu keppinautar þeirra leggja allt kapp á að hirða af þeim viðskiptin. Ef íslensku fyrirtækin standa sig ekki er oft auðvelt að versla við erlend á netinu.

Það er strembið að reka fyrirtæki og ekki eru allar ferðir til fjár. Mögulega hafa embættismennirnir óafvitandi sparað hluthöfum fúlgur fjár því rannsóknir sýna að 70-90 prósent samruna mistakast. Það er því óþarfi að öfunda öll þau fyrirtæki sem sameinast. Þrátt fyrir að mögulega hafi hið opinbera bjargað fjárhag nokkurra hluthafa fyrir horn er skaðlegt að miðstýra atvinnulífinu með þessum hætti.

Vandi íslenskra fyrirtækja er meðal annars að skattar eru með því hæsta sem þekkist í OECD-ríkjunum og þau skortir oft stærðarhagkvæmni. Þess vegna ætti ríkið að róa öllum árum að því að skapa eins heilbrigt viðskiptaumhverfi og kostur er, meðal annars fella niður tolla og lækka skatta, í stað þess að reka stofnun sem horfir stíft á tímabundna markaðshlutdeild.

Þegar fyrirtæki eru með mikla markaðshlutdeild og rekin með arðbærum hætti búa þau yfirleitt yfir samkeppnisforskoti. Af þeim sökum eiga keppinautar erfitt með að bjóða betur. Við þær aðstæður er neytendum sinnt eins vel og kostur er. Það er engum greiði gerður með því að vængstýfa slík fyrirtæki.



**ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS Á FRETTABLADID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!**




FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 19. júní 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Nox Medical hagnaðist um 2 milljónir evra

Svefnrannsóknafyrirtækið Nox Medical hagnaðist um 2 milljónir evra, jafnvirði 284 milljóna króna, á síðasta ári samanborið við 324 þúsunda evra hagnað á árinu 2017.

Þrátt fyrir aukinn hagnað stóðu tekjur félagsins í stað á milli ára en þær námu um 15,5 milljónum evra á árinu 2018. Eignir félagsins nema 12,2 milljónum evra og bókfært eigið fé í árslok var jákvætt um 8,9 milljónir evra. Starfsemi Nox Medical felst í framleiðslu og dreifingu á lækningavörum sem notaðar eru til greiningar á svefnröskun. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 50 talsins. KOS Consulting fer með stærstan hlut í Nox Medical, tæp 20 prósent, en félagið er í jafnri eigu Kolbrúnar Eydísar Ottósdóttur og Sveinbjörns Höskuldssonar. Vorið 2018 bar Nox Medical sigur úr býtum í dómsmáli gegn bandaríska stórfyrirtækinu Natus Inc. Um var að ræða eitt stærsta einkaleyfismál sem íslenskt fyrirtæki hefur staðið í. – tfh



**Pétur Már Halldórsson framkvæmdastjóri**

**13.06.2019**

**Þetta er hrikalegt sem er að gerast. Gjaldskrá [hótelanna] hefur lækkað mikið, fólk hefur fleiri valmöguleika og gisting í borginni er ekki uppseld.**



Klaus Ortlieb, eigandi hótelsins Hlemmur Square

## Stjórnarmaðurinn

## Ekkert undir húddinu

**Íslenskir** bændur og afurðastöðvar fengu úthlutað rétt tæplega helmingi innflutningskvóta fyrir kjöt samkvæmt tollasamningi Evrópusambandsins og Íslands, að því er fram kemur á vefsíðu Félags atvinnurekenda. Með öðrum orðum þá eru stærstu innflytjendur erlends kjöts til landsins þeir hinir sömu og krefjast þess að innflutningur verði lagður af með öllu. Erlent kjöt sé ekki af sömu gæðum og innlent og af því stafi sérstök smithætta. Sérstaklega ófrystu.

**Varla** er hægt að draga aðra ályktun en að tvískinnungurinn sé alger. Þarna afhjúpast sömuleiðis að þegar barist er gegn innflutningi á kjöti eru það ekki almannahagsmunir sem ráða, eins og látið er í skína, heldur hreinir og klárir viðskiptahagsmunir á einokunarmarkaði. Neytendur tapa svo auðvitað á því að endingu. Minna val og hærra verð.

**Á tímum** eins og þessum þar sem einangrunar- og þjóðernishyggju virðist sífellt vaxa ásmegin er mikilvægt að draga dæmi sem þessi fram í dagsljósið. Aðstæður þar sem keisarinn er svo augljóslega nakinn. Alþjóðahyggja og samstarf virðist nefnilega eiga sér mun færri sterka málsvara nú um stundir en einangrun og þjóðernisrembingur. Bretum hefur tekist að koma sér í dæmalausa klípu með því að segja sig frá Evrópusamstarfi, eða gera að minnsta kosti tilraun til þess. Í Bandaríkjunum náði popúlistinn Trump kjöri meðal annars með því að lofa verndartollum og að reistir yrðu veggir við landamæri.

**Á Íslandi** sjáum við þessa merki í andstöðu við þriðja orkupakkann. Nokkrir þekktir popúlistar sem augljóslega hafa lesið sér til um aðferðir Steve Bannon og Brexitliða nota sárasaklausa tilskipun frá Evrópusambandinu sem átyllu í allt aðra og meiri vegferð. Þeir tvístra og sundra og skipta þjóðinni í fylkingar. Við sjáum í tilviki Trumps og Brexit hverjar afleiðingarnar geta orðið þegar stjórnmálaleiðtogar þurfa að fara að efna loforð sem gefin eru í bríaríi.

**Vonandi** munum við bera gæfu til að sjá í gegnum rykmökkinn. Stórfelldur kjötinnflutningur aðalandstæðinga innflutnings á kjöti er áminning um að opna húddið og skoða vélina þegar einhver reynir að selja þér notaðan bíl. Í þetta skiptið reynist engin vél vera í bílnum þegar að er gáð. Það á við í svo miklu fleiri tilvikum. Verum vakandi.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




Jafnlaunavottun

*Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf*

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**




## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARHÚSNÆÐI FYRIR MARKAÐI, LAGERSÖLU, ÚTSÖLU O.FL.**

Til leigu í lengri eða skemmri tíma eftir samkomulagi. 235 fm. í Boltholti 4, stórir glugar, næsta hús við Laugaveg 178. Laust strax eða e. samkl.

**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar**

**VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**

Til leigu í Bolholti 4, næsta húsi við Laugaveg 178
Verslunarhúsnæði á götuhæð 235 fm. Laust strax.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. 150 fm. Laust fljótlega.
Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð. 180 fm. Laust fljótlega.

**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar**

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Fasteignir

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984 — 535-1000 BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



**BERGSTAÐARSTRÆTI 60, 112 REYKJAVÍK** — **VERÐTILBOÐ**

424,8 fm. heil húseign. Húsið er hægt að nýta á margan hátt. T.d. sem margar litlar íbúðir, fjölda útleiguherbergja o.fl. Stutt í alla þjónustu, göngufæri við Umferðarmiðstöðina.



NÁNARI UPPLÝSINGAR:

**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**

692 0149 - erla@stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

## Tilkynningar

# FORVAL

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Rafrænt greiðslukerfi fyrir Strætó bs.,** EES - Forval nr. 14580.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2018/2019 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 685, 5. júlí 2018**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Fjarðabyggð (Stöðvarfjörður)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í ofanskráðu byggðarlagi sbr. auglýsingu nr. 563/2019 í Stjórnartíðindum

**ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt en vinnslusamningum er skilað í tölvupósti á byggðakvoti@fiskistofa.is á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2019**

*Fiskistofa, 18.06.2019*

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*



Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Þú finnur draumastarfið á job.is**



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Reykjavík 10 °C 6
Ísafjörður 4 °C 2
Akureyri 5 °C 7
Egilsstaðir 7 °C 5
Kirkjubæjarkl 11 °C 3
Hveravellir 1 °C 8

Norðlæg átt 5-13 m/s, hvassast vestan til. Dálítil rigning eða súld á Norður og Austurlandi, en annars skýjað með köflum og skúrir syðst á landinu, einkum síðdegis. Hiti 3 til 15 stig, svalast fyrir norðan.

## Fimmtudagur

Reykjavík 11 °C 6
Ísafjörður 6 °C 2
Akureyri 4 °C 3
Egilsstaðir 9 °C 2
Kirkjubæjarkl 9 °C 3
Hveravellir 2 °C 4

## Föstudagur

Reykjavík 11 °C 5
Ísafjörður 8 °C 3
Akureyri 6 °C 2
Egilsstaðir 7 °C 4
Kirkjubæjarkl 12 °C 1
Hveravellir 5 °C 4

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. Stikla
5. Óhreinka
6. Tveir eins
8. Aðalsmaður
10. Tveir eins
11. Verkur
12. Mynt
13. Nákomið
15. Skilyrðislaus
17. Þátttakandi

**LÓÐRÉTT**
1. Hafgola
2. Marðardýr
3. Samstæða
4. Bak við
7. Fitlari
9. Bein
12. Ljár
14. Árkvísla
16. Drykkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

LÁRÉTT: **1.** hoppa, **5.** ata, **6.** ff, **8.** fursti, **10.** rr, **11.** tak, **12.** sent, **13.** náið, **15.** algjör, **17.** aðili.
LÓÐRÉTT: **1.** hafræna, **2.** otur, **3.** par, **4.** aftan, **7.** fiktari, **9.** steðji, **12.** sigð, **14.** ála, **16.** öl.

## Skák Gunnar Björnsson

Caruana (2819) átti leik gegn Magnúsi Carlsen (2875) á Norway Chess-mótinu.

Caruana lék **50. Rf3** og skákinni lyktaði með jafntefli skömmu síðar. Bandaríkjamaðurinn missti af afar fallegri vinningsleið. **50. Rf5!! Dd2+ 53. Kf3! Dxe1 54. g4+ Kg5 55. Hg7#.** Mótaáætlun SÍ fyrir starfsárið 2019-20 liggur nú fyrir. GAMMA Reykjavíkurskákmótið fer fram 17.-24. apríl nk. í Hörpu.

**www.skak.is:** Mótaáætlun SÍ

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF • REYKJADALUR

**Dregið hefur verið í sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra**

**Vinningar komu á eftirtalin númer:**

**Kia Stonic X 5 dyra að verðmæti kr. 3.490.777 hver bifreið**

86816 101960

**Ferðavinningur með Heimsferðum að upphæð kr. 600.000 hver**

15489 50409 69478 91976

**Ferðavinningur með Heimsferðum að upphæð kr. 300.000 hver**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1883 | 16537 | 29052 | 43339 | 55498 | 65442 | 78265 | 87993 | 98894 |
| 2139 | 17197 | 29612 | 45501 | 56409 | 66320 | 78313 | 88092 | 98987 |
| 3586 | 21209 | 30444 | 45505 | 56450 | 66690 | 78879 | 88212 | 99014 |
| 6848 | 21647 | 30578 | 45784 | 57286 | 68734 | 79058 | 88537 | 99544 |
| 7290 | 21773 | 30591 | 47085 | 58434 | 70086 | 79514 | 88862 | 100412 |
| 7885 | 22015 | 30714 | 48431 | 58635 | 70497 | 80275 | 90002 | 100474 |
| 10399 | 23628 | 31319 | 48699 | 59876 | 70962 | 80790 | 92221 | 101155 |
| 10426 | 24464 | 31491 | 48702 | 60085 | 71628 | 81386 | 92351 | 102842 |
| 10525 | 26021 | 32293 | 48864 | 60394 | 72367 | 82218 | 92459 | 103883 |
| 11302 | 26234 | 34764 | 49797 | 60756 | 72665 | 82600 | 94230 | 104988 |
| 11723 | 26415 | 35833 | 51006 | 60801 | 73000 | 83163 | 94570 | 105057 |
| 13398 | 26507 | 35942 | 51080 | 60810 | 73013 | 83455 | 95102 | 105089 |
| 13494 | 27411 | 39079 | 51584 | 61651 | 73753 | 84870 | 96029 | 106506 |
| 14532 | 27556 | 39304 | 52058 | 61889 | 75277 | 86006 | 96162 | 106734 |
| 14638 | 27606 | 39739 | 52410 | 62342 | 76153 | 86105 | 97388 | 106878 |
| 15669 | 28181 | 40919 | 52470 | 63637 | 76233 | 86417 | 97467 | 107528 |
| 15899 | 28443 | 41413 | 53074 | 63968 | 76999 | 86513 | 97468 | 108831 |
| 16005 | 28657 | 41955 | 53501 | 64692 | 77663 | 86804 | 97808 | 109484 |
| 16138 | 28702 | 43012 | 55198 | 65006 | 78181 | 86963 | 98475 | 109753 |

**Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.**
Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.
Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu félagsins **www.slf.is**

Birt án ábyrgðar

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral
HAND WASH
0% parabens
0% colorants
0% perfume
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# Söguleg skáldsaga um spánsku veikina

**Ari Jóhannesson er höfundur bókarinnar Urðarmáni. Skrifar um hluti sem tala inn í samtímann. Aðalpersóna bókarinnar á sér ákveðna fyrirmynd. Segir næsta heimsfaraldur af inflúensu verða mannskæðan.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Urðarmáni er ný skáldsaga eftir Ara Jóhannesson, rithöfund og lækni. Ari hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2007 fyrir ljóðabókina Öskudagar og árið 2014 sendi hann frá sér skáldsöguna Lífsmörk.

Urðarmáni gerist árið 1918 þegar spánska veikin geisar í Reykjavík. „Hugmyndin að bókinni er fjögurra ára gömul. Ég hafði nýlokið við að lesa Mánastein eftir Sjón og langaði að vita meira um spánsku veikina sem ég vissi ekki mikið um þótt ég sé læknir. Í framhaldi kviknaði löngun til að gera henni skil í skáldverki,“ segir Ari. „Þetta er því söguleg skáldsaga. Hún er þannig byggð upp að ég byrja með tilteknar sviðsmyndir og þær ásamt klippum úr dagblöðum þjóna þeim tilgangi að lesandinn fái tilfinningu fyrir stað og tíma.“

### Jón Trausti á sögusviðinu

Spurður um helstu persónur sögunnar segir Ari: „Í þessum sviðsmyndum og sögunni sjálfri koma nokkrir einstaklingar fyrir, þar á meðal læknar, til dæmis Þórður Thoroddsen sem var elstur starfandi lækna í Reykjavík á þessum tíma og lýsti spánsku veikinni mjög nákvæmlega í grein sem hann skrifaði seinna.

Þarna er einnig Þórður Sveinsson sem var yfirlæknir á Kleppi en var sóttur til þess að gegna yfirlæknisstöðu í bráðabirgðasjúkrahúsi í Miðbæjarbarnaskólanum og beitti þar vatnslækningum sem hann gerði líka á Kleppi en þær voru mjög umdeildar, ekki síst meðal lækna. Þarna er Jón Rósenkranz



„Mig langaði til að vita meira um veikina,“ segir Ari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

læknir sem gegnir hlutverki sögumanns gegnum „dagbókar“-færslur. Gísli Sveinsson sýslumaður kemur nokkuð við sögu en hann greip til þess ráðs að loka umferð við Jökulsá á Sólheimasandi og svipað var gert á Holtavörðuheiði þannig að Norðurland, Austurland og Skaftafellssýslur og svæði þar fyrir austan sluppu nær alveg við veikina. Þarna er líka Jón Trausti, langvinsælasti rithöfundur þjóðarinnar á sínum tíma en mörgum gleymdur í dag.“

### Dramatískt uppgjör

Aðalsöguhetjur bókarinnar eru tvær, Arngrímur og Ketilríður, báðar skáldaðar þótt Arngrímur eigi sér ákveðna fyrirmynd. „Arngrímur Sigurðsson er í sögunni landlæknir Íslendinga. Hann er fjölgáfaður forystumaður en í honum eru brotalamir, annars væri hann ekki mjög áhugaverður,“ segir Ari. „Það er ekkert launungarmál að ég byggi persónu hans mjög á Guðmundi Björnssyni sem var landlæknir Íslendinga á þessum tíma. Guðmundur var mikill atorku- og málafylgjumaður. Hann sat í bæjarstjórn og seinna á Alþingi og beitti sér fyrir byggingu holdsveikraspítalans í Gufunesi og Vífilsstaða og seinna Landspítalans. Hann var síðast en kannski einna síst ljóðskáld og orti undir höfundarnafninu Gestur og það hafa lifað lög með textum eftir hann. Það þótti hins vegar undrum sæta að hann, þessi mikli forystumaður, skyldi ekki hafa frumkvæði að viðbrögðum við veikinni, hann gerði ekki neitt og hlaut ámæli fyrir. Þetta fær töluvert pláss í skáldsögu minni og ég reyni að útskýra aðgerðarleysi landlæknis.

Kvensöguhetjan er ung kona með fortíð, sem Ketilríður heitir, kölluð Katla. Hún er langömmubarn Vatnsenda-Rósu og líkt og þessi fræga formóðir hennar þá kann

> **ÉG BYRJA MEÐ TILTEKNAR SVIÐSMYNDIR OG ÞÆR ÁSAMT KLIPPUM ÚR DAGBLÖÐUM ÞJÓNA ÞEIM TILGANGI AÐ LESANDINN FÁI TILFINNINGU FYRIR STAÐ OG TÍMA.**

hún ýmislegt fyrir sér í fæðingarhjálp. Hún kann reyndar ýmislegt fleira. Leiðir hennar og Arngríms landlæknis liggja reglulega saman og því lýkur með tiltölulega dramatísku uppgjöri. Ketilríður var ekki til heldur er hún skáldskapur minn. Þrátt fyrir að um margt sé byggt á heimildum þá er þetta jú skáldsaga.“

### Næsti heimsfaraldur

Upphafskafli sögunnar og lokakaflinn gerast árið 2020. „Meginfrásögnin hvílir á milli þessara stuttu upphafs- og lokakafla. Þeim er ekki síst ætlað að minna okkur á að það er ekki spurning hvort heldur hvenær næsti heimsfaraldur af inflúensu verður og það er ljóst að hann verður verulega mannskæður,“ segir Ari og bætir við: „Burtséð frá söguþræðinum sjálfum þá eru þarna ýmsir hlutir sem tala inn í okkar samtíma. Þarna er þessi klassíska erkitýpa, hetja sem verður skúrkur og fjallað er um átök hefðbundinna lækninga og alþýðulækninga, rótgróna stéttaskiptingu, viðbrögð við drepsótt, fíknir og sérgæsku gegn samhyggju.“

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Dea Sonans syngur og leikur í Stykkishólmskirkju, aðallega eigin tónlist, allt frá latintónlist til kammerdjass.

### 19. JÚNÍ

### Sýningar

**Hvað?** Kínverska sjávarsilkileiðin – Ljósmyndir
**Hvenær?** Allan daginn
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós ásamt Kínversk-íslenska menningarfélaginu og Sendiráði Kína á Íslandi standa fyrir sýningunni.

**Hvað:** Hjúkrun í 100 ár - sögusýning
**Hvenær:** 15.00
**Hvar:** Árbæjarsafn
Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og frú Vigdís Finnbogadóttir verða við opnun sýningarinnar. Ávörp flytja: Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og Steinunn Sigurðardóttir, formaður afmælisnefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ókeypis aðgangur fyrir sýningargesti.

### Orðsins list

**Hvað?** Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Vinnustofa Kjarvals, Austurstræti 10-12, efstu hæð
Bókin Vökukonan í Hólavallagarði kemur út. Boðið upp á léttar veitingar og bókin fæst í sérstakri forsölu. Allir eru velkomnir.

**Hvað:** Erindi um sumarskreytingar á heimilum
**Hvenær:** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6
Soffía Dögg Garðarsdóttir heldur erindi um hvernig má með litlum kostnaði setja heimilið í sumarbúning. Soffía heldur úti blogginu Skreytum hús. Aðgangur ókeypis en erindið er liður í viðburðadagskrá Menningarhúsa Kópavogs.

### Tónlist

**Hvað?** Sólótónleikar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Dómkirkjan
Jóhanna Elísa, ung, reykvísk tónlistarkona, mun syngja og spila á flygilinn í rúman hálftíma og segja frá ævintýrum laganna. Aðgangur er ókeypis!

**Hvað?** Kvartettinn Dea Sonans
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stykkishólmskirkja
Dea Sonans flytur aðallega eigin tónlist, allt frá latintónlist til rólegs kammerdjass, sem er bæði sunginn og instrúmental. Í kvartettinum eru Alexandra Kjeld, kontrabassi og söngur, Rósa Guðrún Sveinsdóttir, saxófónn, þverflauta og söngur, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, básúna, fiðla, slagverk og söngur, og Sunna Gunnlaugsdóttir, píanó. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jazz með útsýni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft 5. hæð í Hörpu
Balda/Ásmundsson/Kappyne tríó leikur melódíska tónlist eftir gítarleikarann Mikael Mána Í bandinu eru, auk hans, Floris Kappyne píanóleikari og Pierre Balda bassaleikari.
Miðaverð er 2.500 og 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Tómas R.
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Á efnisskránni eru ný og eldri lög eftir Tómas sjálfan, ryþmísk tónlist með sambaívafi. Flytjendur eru kontrabassaleikarinn og tónskáldið Tómas, Óskar og Ómar Guðjónssynir á saxófón og gítar ásamt Sigtryggi Baldurssyni á kongatrommur.

# SUMARLEIKUR FRÉTTABLAÐSINS!

**Birtu skemmtilega sumarmynd á Instagram af þér eða bara einhverjum að lesa Fréttablaðið í appinu, á vefnum eða á prenti**

**100.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn í verðlaun!**




**Merktu myndina #FBLsumar, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram og þú gætir unnið**

**Tvær bestu myndirnar verða verðlaunaðar með 100.000 kr. gjafabréfi frá Úrval Útsýn!**

**Leiknum lýkur 12. ágúst**

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR #FBLsumar




BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 -17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18



**Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins**

ÚTDRÁTTUR 17. JÚNÍ 2019

**VINNINGAR**

**Jaguar E-Pace 150D AWD að verðmæti 6.890.000 kr.**
34897

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.**
10351 76614 128914

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2352 | 21748 | 54763 | 71586 | 108441 | 142986 |
| 3521 | 22014 | 55127 | 73139 | 108784 | 145037 |
| 3637 | 22304 | 55445 | 75527 | 110367 | 147821 |
| 4219 | 26113 | 55795 | 75545 | 112045 | 148266 |
| 4342 | 27298 | 55998 | 77370 | 113701 | 149723 |
| 4390 | 27820 | 56238 | 80679 | 114125 | 154012 |
| 6190 | 28334 | 56941 | 81013 | 117711 | 154235 |
| 9843 | 28811 | 57877 | 81063 | 119681 | 154312 |
| 11619 | 29273 | 58028 | 81159 | 124798 | 157144 |
| 11725 | 31706 | 58826 | 82213 | 124811 | 162584 |
| 12029 | 39634 | 59778 | 83367 | 124857 | 162586 |
| 12817 | 40482 | 59994 | 86006 | 125193 | 164503 |
| 16616 | 41603 | 63977 | 86102 | 129214 | 164531 |
| 17110 | 42598 | 64659 | 86312 | 130646 | 164644 |
| 17749 | 43437 | 65981 | 86446 | 132256 | 164948 |
| 19051 | 46056 | 67586 | 90684 | 132333 | |
| 19466 | 51332 | 68373 | 96490 | 132395 | |
| 19716 | 52379 | 68433 | 97701 | 134724 | |
| 20633 | 52683 | 69411 | 104036 | 138685 | |
| 21568 | 54008 | 70499 | 105998 | 141959 | |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 156 | 25269 | 46648 | 72124 | 96630 | 122159 | 146092 |
| 655 | 25612 | 48560 | 72599 | 97183 | 123393 | 148566 |
| 5098 | 26593 | 48667 | 72760 | 97747 | 124857 | 149616 |
| 5220 | 26776 | 50684 | 73412 | 98333 | 125924 | 150620 |
| 5529 | 27475 | 51546 | 73767 | 99183 | 126079 | 151184 |
| 6187 | 27706 | 53292 | 75189 | 100809 | 126217 | 153618 |
| 6197 | 27803 | 55426 | 75981 | 101480 | 126715 | 153903 |
| 7374 | 29270 | 56546 | 76233 | 101549 | 127547 | 154512 |
| 8821 | 29763 | 56673 | 76897 | 101719 | 128356 | 155362 |
| 9743 | 32045 | 57609 | 77446 | 104053 | 128984 | 155677 |
| 12853 | 32979 | 59897 | 77803 | 107514 | 132950 | 159516 |
| 15261 | 33463 | 61571 | 79451 | 110328 | 133549 | 160115 |
| 16341 | 35235 | 62140 | 83506 | 110419 | 134426 | 160385 |
| 16638 | 38337 | 64297 | 85016 | 111951 | 134588 | 161849 |
| 16846 | 39311 | 64800 | 85628 | 113094 | 135724 | 163035 |
| 17526 | 39639 | 67108 | 88603 | 113490 | 138149 | 163169 |
| 17787 | 40060 | 67497 | 90411 | 115706 | 138706 | 163366 |
| 19139 | 41503 | 67742 | 90505 | 116385 | 138733 | |
| 21291 | 42073 | 67937 | 93948 | 118389 | 141848 | |
| 21414 | 42147 | 68938 | 94779 | 119205 | 143422 | |
| 22089 | 44264 | 69716 | 95007 | 119446 | 144058 | |
| 24402 | 46224 | 70834 | 95380 | 121388 | 144299 | |
| 24522 | 46345 | 71067 | 96130 | 121402 | 144560 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 3. júlí nk.

Krabbameinsfélagið
krabb.is

Birt án ábyrgðar




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2014-2015 Útsvar - Gettu betur**
**14.35 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð. Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar. Haukur Hauksson. e.
**15.20 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989**
**16.45 Undarleg ósköp að vera kona** Þáttur þar sem fjallað er um baráttu íslenskra kvenna fyrir réttarbótum og bættum kjörum í upphafi og á seinni hluta síðustu aldar. Þátturinn var gerður árið 2015 í tilefni af því að liðin voru hundrað ár síðan konur á Íslandi fengu kosningarétt og kjörgengi og forsendur fyrir fullu jafnrétti.,Umsjón og dagskrárgerð. Andrés Indriðason. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Lílo og Stitch**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
**20.00 Með sálina að veði - París** Þriggja þátta röð þar sem sænski söngvarinn Peter Jöback fer á slóðir átrúnaðargoða sinna, þeirra Franks Sinatra, Edith Piaf og Charles Aznavours í New York, París og Berlín.
**21.00 Leyndarmál tískuhússins**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM stofan**
**22.45 Dan Cruickshank í Varsjá** Heimildarþáttur frá BBC þar sem listsagnfræðingurinn Dan Cruickshank ferðast á bernskuslóðir sínar í Varsjá eftir sex áratuga fjarveru og rifjar bæði upp bernskuminningar sínar og minningar borgarinnar sjálfrar og fólksins sem í henni býr.
**23.35 Haltu mér, slepptu mér** Önnur þáttaröð af þessum rómantísku gamanþáttum um þrjú pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi. Öll eru þau á mismunandi stað í sambandinu, ýmist nýir elskendur, nýbakaðir foreldrar eða nýgift. Leikarar. James Nesbitt, Helen Baxendale, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermione Norris. e.
**00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 US Open** Útsending frá þriðja degi á US Open 2019.
**15.30 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**16.20 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**17.15 Golfing World**
**18.05 US Open** Útsending frá lokadegi US Open 2019.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The Good Place**
**13.30 Superstore**
**13.50 Fam**
**14.15 Lambið og miðin**
**14.50 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Charmed**
**21.00 Girlfriend's Guide to Divorce**
**21.50 Bull**
**22.35 Queen of the South**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. Los Angeles**
**02.20 Proven Innocent**
**03.05 Get Shorty**
**04.05 FEUD**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtalum réttindi barna**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**13.20 The Choice**
**15.10 Mr. Deeds**
**16.50 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**18.30 The Choice**
**20.20 Mr. Deeds**
**22.00 The Dark Knight**
**00.30 American Heist**
**02.05 The Book of Henry**
**03.50 The Dark Knight**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Ævintýri Tinna**
**07.50 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Fresh Off the Boat**
**09.55 Mom**
**10.20 Arrested Developement**
**10.45 Jamie's 15 Minute Meals**
**11.10 Logi**
**12.00 Asíski draumurinn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 Margra barna mæður**
**14.20 God Friended Me**
**15.05 Major Crimes**
**15.50 World of Dance**
**16.30 Hálendisvaktin**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Veður**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Shrill**
**19.45 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.10 The Bold Type**
**20.55 The Red Line**
**21.40 Gentleman Jack**
**22.40 You're the Worst**
**23.05 NCIS**
**23.50 L.A.'S Finest**
**00.35 Animal Kingdom**
**01.25 Lethal Weapon**
**02.10 Black Widows**
**02.55 Black Widows**
**03.40 Real Time with Bill Maher. Anniversary Special**
**04.45 All Def Comedy**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Bob's Burger**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Angie Tribeca**
**21.15 The Last Ship**
**22.00 Westworld**
**23.00 TJ Miller. Meticulosly Ridiculous**
**00.00 The Mindy Project**
**00.30 iZombie**
**01.20 Grimm**
**02.05 Seinfeld**
**02.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Stjarnan - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**12.30 Season Highlights**
**13.25 Afturelding - Haukar** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**16.45 Stjarnan - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**18.25 GYM** Frábærir nýir þættir í umsjón Birnu Maríu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl á léttu nótunum.
**18.55 KR - Valur** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**21.15 Pepsi Max Mörk karla**
**23.40 Pepsi Max Mörk karla**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**21.20 Kólumbía - Katar** Bein útsending frá leik í Copa America.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


THE BEATLES
50 ÁRA AFMÆLI
ABBEY ROAD
DÚNDURFRÉTTIR
ELDBORG 27. SEPTEMBER
MIÐASALA Á HARPA.IS



Listakonan Nula bregður á leik með húlahringjum.

# Götulistahátíð á Hellissandi

Hátíð haldin af leikhúsi ósýnilega þorpsins sem var strokað út. Eigandi Frystiklefans segir langan aðdraganda að baki hátíðinni.



„Ég finn mikið til með fólkinu sem býr inni í Rifi,“ segir Kári Viðarson.



Nýja vegglistaverkið á Hellissandi. MYND/HEIMIR BERG



Eitt af fjölmörgum verkum sem prýða nú veggina á Hellissandi MYND/LUANNA LI

Frystiklefinn í Rifi er sjálfstætt starfandi atvinnuleikhús á Snæfellsnesi sem stendur nú um helgina fyrir götulistahátíð á Hellissandi. Kári Viðarsson, leikari og eigandi Frystiklefans, segir hátíðina lengi hafa verið í bígerð.

„Þetta byrjaði í apríl í fyrra, ég fékk smá hugmynd um verkefni sem sneri að því að fegra Hellissand með því að taka gamla frystihúsið og breyta því í útilistaverkagallerí.“

Kári segir að gamla frystihúsið hafi verið svolítið út undan í bænum eftir að eldur kviknaði í því fyrir nokkru og ekki litið vel út. „Ég fékk 10 vegglistamenn til að koma hingað alls staðar að úr heiminum og fríska aðeins upp á það,“ en Kári segir að þau hafi endað með yfir 30 verk í plássinu lista- og heimamönnum til mikillar ánægju.

Hugmyndin að götulistahátíðinni kviknaði í framhaldi af verkefninu. „Mig langaði að gera þetta aðeins yfirgripsmeira og svolítið fjölbreyttara.“ Kári lýsir því að öllum hafi verið frjálst að sækja um þátttöku og því hafi umsóknir borist frá öllum heimshornum. Á hátíðinni verða meðal annars listamenn frá Argentínu, Ísrael, Ástralíu og fleiri löndum. „Við erum með mjög mikla fjölbreytni á götuhátíðinni og erum til dæmis með leik- og danssýningar og dansnámskeið með krökkunum í Snæfellsbæ.“

Búast má við lifandi stemningu úti um allan bæ þar sem listakonan Nula verður með húlahringjasýningu og hægt verður að taka þátt í karíókí. Einnig verður á staðnum bílskottssala þar sem hægt verður að grúska í skottum og gætu þar leynst ýmsar gersemar.

Kári nefnir að fimm vegglistamenn verði enn í bænum yfir helgina. Þær Lacey Jane og Layla Folkmann luku nýverið við stórt vegglistaverk á Hellissandi í samstarfi við fyrirtæki Kára, Frystiklefann. Kári telur að yfir 200 ferðamenn stoppi við nýja verkið daglega.

„Það er klárt mál að öll þjónustufyrirtæki í Snæfellsbæ munu njóta góðs af þessu segulstáli,“ bætir hann við og tekur sérstaklega fram að Markaðsstofa Vesturlands muni græða á framtakinu. Markaðsstofan strokaði nýlega þorpið Rif út af götukorti sínu. Rif er staðsett á milli Hellissands og Ólafsvíkur og þar búa tæplega 200 manns. „Rif hefur alltaf verið inni á þessu götukorti,“ segir Kári en hann segir ástæðu eyðingar þorpsins af kortinu vera þá að hann vildi ekki kaupa auglýsingu af markaðsstofunni í ár. „Ég finn mikið til með fólkinu sem býr í Rifi, það er allt í einu búið að stroka það bara út.“ En Kári segir Rif lengi hafa verið vinsælan stað fyrir bæði fugla- og fornminjaskoðun. „Það er fullt annað inni í Rifi heldur en bara ég og mitt leikhús svo þetta eru alveg fáránleg vinnubrögð.“

Þrátt fyrir að þorpið sé nú ósýnilegt á korti Markaðsstofu Vesturlands fer hluti viðburða á götulistahátíðinni fram þar. Margrét Maack kemur með sýningu sína Búkalú sem er Burlesque-grínsýning fyrir fullorðna og býst Kári við stórkostlegri kvöldstund í Frystiklefanum.

Lunginn úr hátíðarhöldunum verður þó á Hellissandi en aðspurður segir Kári einn af aðalviðburðunum vera Cardiophone eftir Moran Duvshani frá Ísrael. Hann segir heimamenn hjálpa við að framkvæma verkið og lýsir áhorfendum sem eins konar tilraunadýrum. „Þetta er þátttökusýning þar sem Moran tekur einn áhorfanda í einu í hjartalínurit og breytir því tónverk,“ en Kári lýsir verkinu sem öðruvísi upplifun fyrir alla.

Kári segir kjörið fyrir fjölskylduna að næla sér í sitt eigið hjartatónverk í góða veðrinu á Hellissandi um helgina. „Þetta er tveggja daga festival og okkur langar til að skapa stemningu þar sem fólk getur bara rölt á milli staða og látið koma sér á óvart.“ Sirkus Íslands verður á svæðinu og hægt að grennslast fyrir um kynstrin öll í tjöldum sem verður komið fyrir af heimamönnum við ána á Hellissandi. „Þar getur fólk prófað alls konar rugl,“ en Kári segir að það verði til að mynda spákona í einu tjaldinu.

„Við erum bara að reyna að hafa þetta heimilislegt og fjölskylduvænt og fyndið og skemmtilegt, allt í senn,“ segir Kári sem mælir með að fólk kíki í heimsókn á fyrstu götulistahátíð Hellissands 21. og 22. júní.

kristlin@frettabladid.is




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **23. júní** eða meðan birgðir endast.









**Ásgeir hefur starfað við skipulagningu hátíðarinnar í sex ár. Hér er tónleikasvæðið í baksýn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Innipúkinn haldinn úti á Granda í ár

Breytingar á rekstri Húrra gerðu það að verkum að Innipúkinn varð að færa sig um set. Hann verður í ár haldinn á Bryggjunni Brugghúsi og Messanum úti á Granda.

Innipúkinn hefur verið haldinn í hátt í tuttugu ár um verslunarmannahelgina, alltaf í Reykjavík og alltaf innandyra. Við höfum þó síðustu ár haft smá breytingu á og verið með hluta hátíðarsvæðisins utandyra. Síðustu sex ár hefur hátíð farið fram í Naustinu, á tónleikastöðunum Húrra og Gauknum," segir Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri Innipúkans, inntur eftir ástæðu þess að Innipúkinn færi sig um set.

Fyrir stuttu urðu eigendaskipti á Húrra og var ákveðið að fara í aðra átt með rekstrarfyrirkomulag staðarins, svo hann hentaði ekki fyrir hátíð sem þessa, að sögn Ásgeirs.

„Við fórum þá að gera ráð fyrir því að færa okkur um set en þetta er kannski dæmi um hve þrengt er að stöðum fyrir lifandi tónlist í Reykjavík, sem verður að teljast sorglegt, enda ein okkar helsta útflutningsvara. Hátíðin var hér áður í Iðnó og síðan á Faktorý, en sá staður var rifinn fyrir nýtt hótel."

Hann segir upp vera komna alvarlega stöðu fyrir tónlistarfólk og tónleikahaldara.

„Í ljósi þessara upplýsinga förum við að velta fyrir okkur hvar væri gaman að halda Innipúkann og upp kom sú hugmynd að færa hátíðarsvæðið úr miðbænum og út á Granda. Í raun fannst okkur það líka gott og hollt fyrir hátíðina að færa sig reglulega, fái tækifæri til að enduruppbyggja sig á nýjum stöðum og halda sér ferskri."

Ásgeir segir að Grandinn sé auðvitað í mikilli uppbyggingu hvað varðar veitingar og menningu, en sé einnig nálægt miðsvæðinu. Því hafi legið vel við að skoða þá staðsetningu betur.

**ÚTISVÆÐI INNIPÚKANS, EINS ÞVERSAGNAKENND SETNING OG ÞAÐ ER, VERÐUR ENN FLOTTARA Í ÁR. ÁÐUR VORUM VIÐ MEÐ TORFÞÖKUR OG SMÁ SVEITAÞEMA, ÞAÐ MUN VÍKJA FYRIR MEIRI HAFNARSTEMNINGU.**

„Bryggjan Brugghús hefur verið leiðandi afl á svæðinu í tónleikahaldi og fyrir menningartengda viðburði. Ég kom að hluta til að stofnun Bryggjunnar ásamt fleirum en reri á önnur mið núna fyrr á árinu. Ég steig þá til hliðar og hef einbeitt mér að öðrum verkefnum. Núna er ég í mjög takmörkuðu hlutverki þar en veiti samt ráðgjöf inn á milli ásamt því að halda utan um Sunnudjassinn," segir Ásgeir.

Hann segir lifandi tónleika hafa verið á staðnum hverja einustu viku nánast óslitið frá opnun. Hann segir stærð staðarins hafa orsakað að tónlistarfólk hafi strax byrjað að hringja í kjölfar þess að opnað var.

„Núna á tónlistarfólk sér ekki marga samastaði, ef mætti taka þannig til orðs. Þannig að mér finnst eigendur staðarins eiga hrós skilið fyrir þátttöku sína, því svona tónleikahald er gert meira af hugsjón en í gróðaskyni."

Hann segir þá sem standa að baki Innipúkanum alltaf hafa viljað hafa tvö svið, sem flækti málið nokkuð.

„Við vildum hafa dagskrána fjölbreytta, viljum helst að rúmlega tuttugu listamenn nái að koma fram en höfum bara þrjú kvöld. Við ákváðum þá að hafa samband við Jón Mýrdal eiganda fiskveitingastaðarins Messans við Höfnina, en hann liggur við hlið Bryggjunnar Brugghúss."

Jón rak áður Húrra en seldi staðinn og fór í veitingabransann. Ásgeir segir Jón uppátækjasaman og greiðvikinn og að hann hafi einnig saknað smá tónleikahaldsins sem einkenndi Húrra þegar hann var í hans eigu.

„Þegar ég ber hugmyndina undir hann, að byggja svið inni á staðnum, þá stekkur Jón strax á tækifærið. Hann var spenntur að fá að taka aftur þátt í að halda Innipúkann, líkt og hann gerði þegar hann var með Húrra."

Ásgeir segir að það þurfi nokkuð viðamiklar breytingar á Messanum til að hann geti rýmt tónleikana og það sé allt gert í góðu samstarfi.

„Hann lítur bara á það sem verkefni sem þarf að leysa og það verður gaman að vinna það með honum og Elvari á Bryggjunni. Útisvæði Innipúkans, eins þversagnakennd setning og það er, verður enn flottara í ár. Áður vorum við með torfþökur og smá sveitaþema, það mun víkja fyrir meira hafnarstemningu. Þetta verður allt gert í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og Höfnina," segir Ásgeir að lokum.

Miðasala á Innipúkann hefst síðar í mánuðinum, nákvæm tímasetning verður tilkynnt síðar og segir Ásgeir að miðaverði verði stillt í hóf. Á útisvæðinu verður einnig dagskrá, myndlistarmarkaður í samstarfi við nemendur LHÍ, fatamarkaður og tónlist, og er sá hluti Innipúkans opinn öllum.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf




BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar



# Fólkinu fylgt

Það var sérstakt hvernig könnun sem MMR gerði um afstöðu til 3. orkupakkans var kynnt í byrjun maí. Því var haldið fram að hún sýndi að helmingur landsmanna væri á móti honum og um 30% hlynnt. Hið rétta er að 36% eru andvíg, 21% hlynnt og 43% tóku ekki afstöðu. Fyrrnefndu tölurnar fást ef bara er skoðuð afstaða þeirra sem tóku afstöðu. Þetta sýnir að flestum er sama um 3. orkupakkann sem kemur ekki á óvart. Það má þá hins vegar deila um það hversu skynsamlegt það er þá af manni að vera að skrifa í þriðja skipti Bakþanka um 3. orkupakkann.

Af þeim sem taka afstöðu er fleira stuðningsfólk stjórnarflokkanna andvígt en hlynnt 3. orkupakkanum. Sumir hafa notað þessa niðurstöðu sem rök fyrir því að stjórnarflokkarnir séu á rangri leið. Í því samhengi er mikilvægt að átta sig á því að stjórnmálaleiðtogar sem vilja láta taka sig alvarlega eiga ekki að elta almenningsálitið, heldur að móta það. Ekki að fylgja kjósendum, heldur fá kjósendur til að fylgja sér.

Hlutverk stjórnmálaleiðtoga er að sannfæra sem flesta um að grunngildi þeirra séu best til að búa til betra samfélag. Það er enginn vafi á því að íslenskt samfélag er betra vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hluti af því að standa vörð um hana er að klára innleiðingu 3. orkupakkans. Röksemdafærsla andstæðinga orkupakkans minnir á tilvitnun sem stundum er eignuð franska stjórnmálamanninum Alexandre Auguste Ledru-Rollin: „Ég verð að fylgja fólkinu, því ég er leiðtogi þess.“







